

GUNNAR GUBBJÖRNSSON
Betra að ferðast án aukakíla

• heilsa í MIÐJU BLAÐSINS



FJÖLNIR BRAGASON:
Tattóveraði blaðamann sem tapaði í pylsukappáti

Nýtt tiskufyrirbæri FÓLK 34



Með Fréttablaðinu í dag:

16 síðna Bónusblað

Tilboð sem talandi er um!



FRÍTT

FRÉTTABLAÐIÐ

1. nóvember 2005 – 295. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

ÞRIÐJUDAGUR

Aldrei verið vinsælli
Sálin hans Jóns míns heldur útgáfutónleika sína í Kaupmannahöfn næsta laugardag. Uppselt er á tónleikana.

FÓLK 34



Hreint og beint jafnrétti

Sara Dögg Jónsdóttir, drengjakennari í barnaskóla Hjallastefunnar á Vífilsstöðum, kennir hreint og beint jafnrétti.



TILVERAN 12

Ný forgangsröð nauðsynleg

Hvernig er hægt að réttlæta að það sé mikilvægara að stýra banka en sinna sjúkum ættingjum okkar og vinum? Við þurfum að gjörbreyta verðmætumati og forgangsröðun, ritar Inga Rósa Þórðardóttir.


UMRÆÐAN 18

Atvinnumenska á Íslandi?

Valur mun borga tveimur nýjstu liðsfélögum sínum samtals 9,2 milljónir í árslaun. Svo virðist sem atvinnumenska sé að ryðja sér til rúms í íslenski knattspyrnu.

ÍPRÓTTIR 30

VEÐRIÐ Í DAG



SNJÓKOMA OG SKAFRENNINGUR fram eftir degi fyrir norðan, lægir og dregur úr úrkomu síðdegis. Bjart með köflum syðra. Hiti 2-6 stig syðra en við frostmark nyrðra.

VEÐUR 4

Karlar 25-49 ára

Lestur á íþróttum

45% Fréttablaðið

34% Mbl.

*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í september 2005. Lestur á íþróttasíður FBI á sunnudögum og MBL á þriðjúdögum.



KOLVITLAUST VEÐUR Í HÚNAÞINGI VESTRA Björgunarsveitarmenn máttu hafa sig alla við í veðurhamnum fyrir norðan í gær, en eins og sjá má var vindur mikill og þurfti jafnvel að verja bíla svo þeir fýkju ekki af veginum.

MYND / PÉTUR ARNARSON / SLYSAVARNAFÉLAGIÐ KÁRABORG

Björgunarstarf erfitt í óveðrinu nyrðra

Fólk sat fast í bílum sínum klukkustundum saman í Húnaþingi í hríðarbyl á sunnudagskvöldið. Þjóðvegurinn var aðeins opin í um fjórar klukkustundir í gær og fauk tengivagn út af. Rauði krossinn annaðist veðurteppa ferðalanga.

ÓFÆRD Illa gekk að losa bíla sem fastir voru á þjóðvegi eitt milli Víðihlíðar og Hvammstanga vegna veðurs í gær. Vegurinn var lokaður þar til síðdegis og bílum þá hleypt yfir í fylgd björgunarsveita til klukkan átta í gærkvöldi er Vegagerðin hætti mokstri.

Erna Jónmundsdóttir, lögreglu- maður á Blönduósi, sagði að fljótlega eftir að vegurinn var opnaður í gær hafi tengivagn við bifreið fokið út af veginum.

Um kvöldmatarleytið á sunnudag brast á blindbylur og voru um 30 bílar fastir á veginum, í gærmorgun bættust svo við fleiri bílar sem festust og veður skánaði ekkert. Á sunnudagskvöldið nutu um 130 manns aðstoðar fjöldahjálp-

arstöðva Rauða krossins. Þær voru opnaðar á þremur stöðum, í Félagsheimili Hvammstanga, í Víðihlíð og á Laugabakka. Þá var einhverjum komið fyrir í heimahúsum. Í gærkvöld var útlit fyrir að hluti fólksins yrði veðurtepptur aðra nótt.

Gunnar Örn Jakobsson, formaður Káraborgar á Hvammstanga, segir aðstæður hafa verið afar erfiðar. „Við vorum í sjö tíma við þetta á sunnudagskvöldið,“ segir hann og kváð margan ferðalanginn hafi verið orðinn ansi kaldan þegar honum var bjargað. Viðbúnaður björgunarsveita var allmikill. „Við vorum með átta breytta björgunarsveitarbíla og einn stóran snjóbil.“

Hvammstangadeild Rauðakrossins sinnti veðurteppum ferðalöng-

um, en björgunarsveitir óskuðu eftir aðstoð við ummönnum þeirra. „Vel hefur gengið að sinna þörfum fólksins sem var ekki búid undir svaðilför sem þessa,“ sagði Guðrún Á. Matthíasdóttir, formaður Rauða kross deildarinnar.

Gunnar Magnússon rjúpnaskytta var á ferðinni með félögum sínum þegar óveðrið brast á eins og hendi væri veifað. Hann sagði fólkið sem bjargað var í kringum hann hafa verið í góðu yfirlæti í Félagsheimili Hvammstanga hjá konunum í kvenfélaginu Freyju. „Hér er fólk á öllum aldri. Það fer bara vel um börnin, en hér eru nokkrir frískir strákar, en sjálfsagt eru þeir nú að verða leiðir á þessu.“

- óká

Styttist í opnun í Hlíðarfjalli: Meiri snjór en undanfarin ár

SKÍDAVERTÍÐ Meiri snjór er nú kominn á skíðasvæðið í Hlíðarfjalli við Akureyri en mörg undanfarin ár. Guðmundur Karl Jónsson, forstöðumaður Skíðastaða, segir að svæðið verði hugsanlega opnað almenningi um næstu helgi.

„Við byrjuðum í gær fyrir alvöru að troða brekkurnar og munum ákveða í dag hvort skíðasvæðið verði opnað á laugardaginn,“ segir Guðmundur.



GUÐMUNDUR KARL JÓNSSON

Framkvæmdir við uppsetningu á snjóframleiðslubúnaði í fjallinu hófust í sumar og segir Guðmundur stefnt á að taka kerfið í notkun 15. nóvember. Vegna snjókomu og vetrarharðinda á Norðurlandi hefur gengið erfiðlega að útbúa uppistöðulón sem nota á tengslum við snjóframleiðslukerfið og hefur verið ákveðið að fresta þeim hluta framkvæmdanna.

Stjórnendur KB banka: Hagnast um 800 milljónir

VIÐSKIPTI Sjö stjórnendur hjá KB banka hagnast um nærri því 769 milljónir króna ákveði þeir að selja hluti sem þeir fengu samkvæmt kaupréttarsamningi árið 2000. Markaðsvirði hlutanna er samkvæmt gengi KB banka í gær um 929 milljónir króna en þeir voru keyptir á genginu 102,5 en gengi bréfa í KB banka var 596 krónur á hvern hlut í gær. Sigurður Einarsson, starfandi stjórnarformaður KB banka, keypti flesta hlutina eða um helming og nemur hagnaður hans því um 390 milljónum króna.

Sjá bls. 19 / - hb



BARINN Á KJÖRFUNDI Fjöldi fólks varð að leita sér læknaaðstoðar. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kosningar í Zanzibar: Ásakanir um gróft svindl

TANSANÍA, AP Upplausn einkennir þing- og forsetakosningar á eyrni Zanzibar, sem er sjálfstjórnarhérad í Tansaníu, á sunnudaginn. Seif Sharif Hamad, forsetaframbjóðandi stjórnarandstöðunnar, segir að allt að 80.000 stjórnarandstæðingum, eða tæpum sjöttungi kjósenda, hafi verið meinað að kjósa. Lögregla gekk auk þess á milli bols og höfuðs á stuðningsmönnum Hamads eftir mótmæli. Tveir létust í átökunum og á annan tug slasast.

Kosningaeftirlitsmenn Afríkubandalagsins sögðu ekkert athugasemdi við framkvæmd kosninganna. ■

Smíði nýrrar háspennulínu frá Sultartanga til Hvalfjarðar lýkur senn:

Línumenn á lokaspenninum

STÓRIÐJA „Þetta er á lokaspenninum hjá okkur og á að vera lokið eftir mánuð. Þetta er Sultartangalína 3 en hún á að fæða stækkun á álveri Norðuráls í Hvalfirði,“ segir Þorgeir Andrés-son hjá flutningssviði Landsvirkjunar. Það eru verktafayrirtæki frá Króatíu og Slóvakíu sem vinna nú við strengingu línunnar um Haukadalsheiði. Þar liggur línan rétt norðan við Skjaldbreið, yfir veginn um Kaldadal, þaðan um Svínadal og niður í Hvalfjörð. Alls starfa um 140 manns við byggingu línunnar.

Línan endar í aðveitustöð við Brennimer í Hvalfirði þaðan sem rafmagninu er dreift til stóriðu á svæðinu. Þorgeir segir línuna eiga að vera komna í gagnið rétt eftir áramót.



LÍNUMENN VIÐ STÖRF Línumenn létu frostið ekki hindra sig á sunnudag þar sem þeir unnu við að strengja nýju Sultartangalínuna.

Nú á eftir að leggja slóðir í Kúhallardal af Botnsheiði og ganga frá undirstöðum undir möstur á vestasta hluta línunnar. Línumennirnir sem unnu við

að setja leiðarann upp í hengi nú um helgina töldu það ekki eftir sér að vinna verkið í nær tíu stiga frosti og strekkingsvindi.

- saj

SPURNING DAGSINS



Gísli, telur þú að umræðan um byggð í Geldinganesi falli í frjóan jarðveg?

Já, en hins vegar er stefna R-listans í skipulagsmálum alveg steingeld.

Gísli Marteinn Baldursson sem berst um fyrsta sætið á lista Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórnarkosningunum segir að framtíðarbyggingarland Reykvíkinga sé í Geldinganesi og í Vatnsmýrinni.

Starfsmaður skemmtistaðar dæmdur í átján mánaða fangelsi:

Nauðgaði stúlku á stigapalli

DÓMSMÁL Maður á þritugsaldri hefur verið dæmdur í eins og hálfis árs fangelsi fyrir að nauðga títugri stúlku á stigapalli í húsi í Reykjavík í sumar.

Þá var manninum gert að greiða stúlkunni 700.000 krónur í skaðabætur auk 359.145 króna í sakarkostnað.

Stúlkan hafði föstudagskvöldið 23. júlí farið með vinkonum sínum á skemmtistað í miðbæ Reykjavíkur. Þar hittu hún manninn sem nauðgaði henni en hann starfaði á staðnum.

Stúlkurnar, maðurinn og fleiri fóru fótgangandi seint um kvöldið

í hús þar sem skemmtanahald hélt áfram. Stúlkan og maðurinn ræddust eitthvað við um kvöldið.

Stúlkan og vinkonur hennar bera að vísa hafi átt manninum úr samkvæminu eftir að hann lagði sig í óleyfi inni í herbergi húsráðanda. Stúlkan fór hins vegar með honum fram á stigapall og ræddi við hann. Þegar hún ætlaði aftur inn í íbúð hafi hann haldið henni, þröngvað hönd sinni ofan í buxur hennar og nauðgað henni upp við vegg. Stúlkan bar að árásin hafi hætt þegar hún náði að klípa manninn í liminn. Þá var hún farin að gráta og margbúin að segja að

þetta vildi hún ekki.

Maðurinn neitaði nauðguninni en kvað stúlkuna hafa látið eins og hún hafi skipt um skoðun um atlotin.

Dómmun þótti einsýnt að beita hefði þurft talsverðu afli til að rífa buxur stúlkunnar en þær rifnuðu niður úr rennilásnum og ekki lagður trúnaður á orð hans. Maðurinn var hins vegar ekki sakfelldur fyrir að hafa haft samræði við stúlkuna heldur að hafa „þröngvað henni til kynferðis-maka annarra en samræðis með því að stinga fingri inn í leggöng hennar.“

- Óká



HAFNARSTRÆTI Í REYKJAVÍK Títugri stúlku var í sumar nauðgað af starfsmanni veitingastaðar sem fór með henni og fleira fólki í eftirpart.

Pútín Rússlandsforseti:

Ætlar ekki fram árið 2008

RÚSSLAND, AP Vladímír Pútín, forseti Rússlands, lét í gær hafa eftir sér að hann hygðist ekki sækjast eftir endurkjöri þegar öðru kjörtímabili hans lýkur árið 2008. Hann lýsti því hins vegar yfir að hann myndi ekki líða neinn „óstöðugleika“ í Rússlandi í kjölfar næstu forsetakosninga, en þau orð hans voru túlkuð þannig að hann vildi halda möguleikanum á rötækum ráðstöfunum opnum.

Pútín lét þessi orð falla í viðtali við hollenska blaðamenn fyrir opinbera heimsókn sína til Hollands. Hann ítrekaði að hann vildi ekki að rússnesku stjórnarskránni yrði breytt til að hann gæti gegnt forsetaembættinu lengur en tvö kjörtímabil, en landsmönnum hans hefur orðið tíðrætt um þann möguleika vegna vinsældar hans og öruggs meirihluta sem hans menn hafa á þingi. ■



ÍSLENDINGAR HAFNA ALDREI NOTAÐ GREIÐSLUKORTIN SÍN JAFNMÍKID OG Í ÁR. Reikna má með því að greiðslukortafærslur Íslendinga í desember verði að minnsta kosti fjórum milljörðum króna hærra en í desember í fyrra. Eyðslan í desember verður tæpir 37 milljarðar, eða um 120 þúsund krónur á hvern Íslending.

Eyðsla fólks í ágúst á við jólamánuð í fyrra

Íslendingar eyddu hærri upphæð í ágúst síðastliðnum en fyrir jólin í fyrra.

Eyðsla fyrstu níu mánuði ársins hefur aldrei verið eins mikil og í ár. Reikna má með um fjögurra milljarða króna meiri eyðslu fyrir næstu jólin en síðustu.

EFNAHAGSMÁL Íslendingar hafa aldrei eytt jafnmiklum fjármunum og þeir gerðu fyrstu níu mánuði ársins ef rýnt er í tölur frá Hagstofu Íslands yfir greiðslukortafærslur. Ekki eru teknar með úttektir úr hraðbönkum eða greiðslur í bönkum.

Mestu munar um þá miklu fjármuni sem Íslendingar reiddu af hendi í ágúst síðastliðnum því ef horft er til debet- og kreditkortafærslna frá því í ágúst samsvarar samanlögð upphæð sem Íslendingar eyddu í ágúst nánast því sem Íslendingar eyddu fyrir jólin í fyrra, sem þó var metmánuður.

Eyðsla Íslendinga í ágúst var rúmfrá 33,3 milljarðar króna. Í desember í fyrra eyddi þjóðarinnar 32,2 milljörðum á verðlagi ágúst-mánaðar og var eyðslan því rúmum milljarði hærri í ágúst en í desember.

Fyrstu níu mánuði ársins voru greiðslukortafærslur Íslendinga um 275 milljarðar króna og er það rúmum 33 milljörðum krónum meira en á sama tímabili í fyrra, á verðlagi dagsins í dag. Íslendingar eyddu að meðaltali 30,5 milljörðum á mánuði það sem af er árinu en í fyrra var eyðslan 26,8 milljarðar á mánuði.

Aukningin frá ári til árs fyrstu

níu mánuðina er um fjórtán prósent en frá árinu 2000 hefur aukningin á milli ára aldrei verið hærri en átta prósent. Aukningin er því tvöfalt meiri en það sem mest var á síðustu fimm árum og nær fjórfalt meiri en á milli árána 2003 og 2004, þegar hún var fjögur prósent.

Miðað við þetta má búast við meteyðslu fyrir næstu jólin. Eyðsla í desember hefur síðustu fimm ár að meðaltali verið rúmum 19 prósentum hærri en hún er að jafnaði á mánuði fyrstu níu mánuði ársins. Meðaltalseyðsla þessa árs bendir því til þess að Íslendingar muni eyða 36,5 milljörðum króna í desember, eða um fjórum milljörðum meira en í desember í fyrra. Það samsvarar rúmum 120 þúsund krónum í greiðslukortafærslur á hvern Íslending í desember.

sda@frettabladid.is

GREIÐSLUKORTAFÆRSLUR 2000 TIL 2005*

	Hlutfallsleg breyting milli ára	Ágúst	Desember	Alls á árinu
2000	-	25.527	27.480	277.224
2001	-1,2%	25.510	26.500	271.212
2002	7,0%	5.863	28.481	291.212
2003	8,0%	27.213	30.734	308.915
2004	4,0%	28.578	32.229	325.144
2005	14,0%	33.329	36.500**	370.664**

* í milljónum króna. Tölurnar sýna heildargreiðslur heimila með greiðslukortum, það er kreditkortum og debetkortum. Úttektir úr hraðbönkum og greiðslur í bönkum eru ekki meðtaldir. Uppreiknað á verðlagi í september 2005. Heimild: Hagstofa Íslands/Greiðslumiðlun hf., Kreditkort hf.

** Áætlað

Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediktsdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði komið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttmæt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skaða fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla.

-ritstj.

Spænska konungsfjölskyldan:

Krónprinsessa fædd á Spáni

SPÁNN, AP Letizia krónprinsessa af Spáni fæddi í fyrrinótt dóttur sem fékk nafnið Leonor. Hún var tekin með keisaraskurði þremur vikum fyrir tímenn og mældist 14 merkur (3.500 grömm) og 47 sentimetrar.

Hin nýfædda prinsessa er nú næst í erfðaröðinni að spænsku krúnunni á eftir föður sínum, Filippusi krónprins. Það myndi hins vegar breytast ef hún eignaðist bróður, en að óbreyttum lögum um ríkiserfðir á Spáni færi hann fram fyrir eldri systur sína.

Ríkisstjórn Jose Luis Rodriguez Zapatero hefur gert það að forgangsmáli að breyta þessu svo að elsta barnið verði fyrst til ríkiserfða, hvors kyns sem það er. Skoðanakannanir hafa sýnt að öruggur meirihluti spænskra kjósenda styður slíka breytingu en hún krefst stjórnarskrárbreytingar.

- aa



STOLTUR FAÐIR Filippus krónprins sýnir stærð dótturinnar á fæðingarheimili í Madrid í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

GRIKKLAND

Engin fuglaflensa Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins greindi frá því í gær að banamein fuglanna sem fundust dauðir á grisku eyjunni Hios hefði ekki verið fuglaflensa. Því hefur banni við innflutningi landbúnaðarvara frá eyrni verið aflétt.

HÚN ER KOMIN!

Skáldskapur eða minningar? – þar er efinn.

Hispraus frásögn og ósvikin kímniþáfa.

STEINUNN ÓLÍNA

Í FYLGD MEÐ FULLORÐNUM

JPV ÚTGAFA www.jpvis

Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna beinir ályktun til stjórnvalda í Damaskus:

Sýrlendingar sýni samvinnu

SAMEINUÐU ÞJÓÐIRNAR Öryggisráð Sameinuðu þjóðanna samþykkti einum rómi í gær að skora á Sýrlendinga að aðstoða rannsóknarnefnd þeirra við að upplýsa morðið á Rafik Hariri, fyrrverandi forsetisráðherra Líbanos.

Ályktunin sem öryggisráðið samþykkti í gær var reyndar nokkuð breytt frá þeirri sem Bandaríkjamenn, Bretar og Frakkar lögðu fyrst fram en þar var Sýrlendingum hótað efnahagsþvingunum sýndu þeir ekki samstarfsvilja.

Vegna andstöðu Rússa, sem rétt eins og fyrrnefndu þjóðirnar þrjár hafa neitunarvald í ráðinu, var orðalaginu hins vegar breytt á þann veg að aðeins var talað um „aðgerðir“ gegn Sýrlendingum ef þeir óhlýðnuðust. „Öryggisráðið er ekki eftirlitsnefnd og það væri rangt að blanda saman lögreglu-



ÁLYKTUNIN SAMÞYKKT Condoleezza Rice, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, samþykkti vitanlega ályktunina í gær enda voru Bandaríkjamenn á meðal flutningsmanna hennar. Á bak við hana sést John Bolton, sendiherra landsins hjá SP.

rannsókn og alþjóðasamskiptum,“ sagði Sergei Lavrov, utanríkisráðherra Rússlands á fundi ráðsins.

Rannsóknarnefnd SP greindi frá frumniðurstöðum sínum á dögunum og þar var staðhæft að útilokað hafi verið að ráða Hariri af dögum án vitneskju leyniþjónustofnana Sýrlendinga og Líbana. Sýrlensk yfirvöld voru auk þess sökuð um að hindra framgang réttvísinnar.

Sýrlenska ríkisstjórnin greindi frá því um helgina að hún hygðist gangast fyrir eigin rannsókn á málinu. Sú nefnd mun sýna rannsóknarnefnd SP fulla samvinnu að sögn talsmanns forsetans.

Til mótmæla kom í Damaskus, höfuðborgar Sýrlands, í gær þar sem öryggisráðið var hvatt til að beygja sig ekki undir vald Bandaríkjamanna.

- shg



Kringlan í jólabúning

Velkomin í Kringluna
Notaleg stemning, glæsilegar
jólaskreytingar og allt fyrir
jólaundirbúninginn á einum stað.

Kringlan
ER MEÐ ALLT FYRIR JÓLIN

www.kringlan.is upplýsingasími 588 7788 skrifstofusími 568 9200

	Mán. til mið.	Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur	Sunnudagur	Veitingastaðir og Kringlubíó
Verlanir	10.00 til 18.30	10.00 til 21.00	10.00 til 19.00	10.00 til 18.00	13.00 til 17.00	eru með opið lengur á kvöldin
Ævintýraland	14.00 til 18.30	14.00 til 19.00	14.00 til 19.00	11.00 til 18.00	13.00 til 17.00	

GENGIÐ

GENGI GJALDMÍÐLA 31.10.2005

KAUP SALA

	Bandaríkjadalur	USD	60,9	61,2
	Sterlingspund	GBP	108,29	108,81
	Evra	EUR	73,4	73,82
	Dönsk króna	DKK	9,833	9,891
	Norsk króna	NOK	9,344	9,400
	Sænsk króna	SEK	7,687	7,733
	Japanskt jen	JPY	0,5249	0,5279
SDR		XDR	88,06	88,58

Gengisvísitala krónunnar

103,1052

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Koizumi stokkar upp í Japansstjórn:

Hægrimmenn í lykilembætti

TÓKYÓ AP Junichiro Koizumi, forsætisráðherra Japans, stokkaði upp í ríkisstjórn sinni í gær. Hann skipaði menn sem þekktir eru fyrir að vera langt til hægri í stjórnarflokknum í lykilembætti, en þeir eru jafnframt taldir sennilegir arftakar Koizumis. Hann hélt hins vegar efnahagsmálaráðgjafarteymi sínu óbreyttu.

Koizumi, sem hefur sagst munu hætta er kjörtímabili hans sem flokksformanns lýkur í september á næsta ári, skipaði hægrimmanninn Shinzo Abe aðaltalsmann ríkisstjórnarinnar, og Taro Aso utanríkisráðherra. Hann var áður innanríkisráðherra.

Þess hafði verið vænst að Koizumi, sem nýtur mikilla vinsælda



NÝ JAPANSTJÓRN Koizumi (í miðju) ásamt ráðherraliði sínu.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

meðal þjóðar sinnar um þessar mundir, myndi skipa líklega arftaka sína í lykilembætti. Hann var einnig sagður velja menn sem styðja umbótastefnu hans, þar á meðal einkavæðingu póstsins.

Stjórnarflokkur Koizumis, Frjáls-

lyndi lýðræðisflokkurinn, vann yfirburðasigur í þingkosningum 11. september en uppstokkun stjórnarinnar var frestað um þingið hafði afgreitt ný lög um einkavæðingu sem forsætisráðherra er mjög umhugað um.

- aa



ÞÖR Í SNJÓNUM Það getur verið gaman að renna sér á þotu en vissara að fara varlega nærri höfninni líkt og drengur í Keflavík komst að um helgina.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Óhapp í Reykjanesbæ:

Drengur fór á sleða í höfnina

LÖGREGLA Drengur á sleða náði ekki að stöðva sig við smábáthöfnina í Gróf í Keflavík og lenti úti í sjó laust eftir klukkan tvö á sunnudag.

Lögreglu barst tilkynning um slysið klukkan 14.16 og var sjúkrahúsið sendur á staðinn.

Drengurinn hafði náð að synda yfir að smábátbryggjunni og komist þar á þurr. Nærstaddir skutluðu honum svo heim þar sem honum var, að sögn lögreglu, komið í heitt bað.

Drengurinn hafði verið að renna sér í brekku sunnan við Bakkaveg en ekki náð að stöðva sleðann áður en hann kom að varnargarði fyrir smábáthöfnina og því fór sem fór.

- óká

LÖGREGLA

Slæm færð Fjórir árekstrar urðu á Akureyri í gær vegna hállu og snjóá. Slæmt færi var í bænum og þó nokkur úrkoma sem jók hættu á slysum. Óhöppin voru minni háttar og engin meiðsli urðu á fólki.

Flutningabíll ók á fólksbíla

Flutningabíll ók á tvo kyrrstæða fólksbíla við afleggjarann til Hvammstanga seinni partinn í gær. Einhverjar skemmdir urðu á bílunum en enginn slasaðist.

Bush útnefnir Alito hæstaréttardómara

George W. Bush hefur tilnefnt Samuel Alito hæstaréttardómara í stað Söndru Day O'Connor. Öldungadeildin verður að staðfesta útnefninguna en búist er við hörðum mótbárum demókrata þar sem Alito er talinn íhaldssamur í meira lagi.

WASHINGTON, AP Í viðleitni sinni til að friða félag sína í Repúblikanaflokknum tilnefndi George W. Bush Bandaríkjaforseti Samuel Alito hæstaréttardómara. Demókratar hyggjast berjast gegn tilnefningunni í öldungadeild þingsins.

Óhætt er að segja að erfiðlega hafi gengið fyrir Bush að skipa eftirmann Söndru Day O'Connor í Hæstarétt Bandaríkjanna en í síðustu viku afþakkaði Harriet Miers útnefningu forsetans eftir að íhaldssamari flokksbræður hans mótmæltu skipaninni harðlega. Tilnefning hins íhaldssama Samuel Alito, kaþólikka frá New Jersey, ber því vitni að Bush vilji friða sína helstu stuðningsmenn enda á hann talsvert í vök að verjast. Ný skoðanakönnun bendir til dæmis til að einungis 39 prósent þjóðarinnar myndi kjósa Bush væri gengið til kosninga nú.

„Alito dómari er einn reyndasti og virtasti dómari Bandaríkjanna,“ sagði Bush þegar hann greindi frá útnefningunni. „Hann er mikill lögspekingur og afar réttssýnn.“ Bush hvatti öldungadeildina til að staðfesta tilnefninguna en til þess hefur hún frest til ársloka.

Alito er 55 ára að aldri og hefur langa reynslu sem dómari að baki því undanfarin ár hefur hann setið í áfrýjunardómstól í Philadelphíu. Sá dómstóll þykir einn sá frjálslyndasti í landinu en Alito er oft ósammála félögum sínum í réttinum og skilar gjarnan séráliti.

Demókratar virðast líklegir til að gera allt sem í þeirra valdi



NÝI DÓMARINN Bush telur Alito bæði fróðan og réttssýnan en tæpast skemmir fyrir að þeir eru skoðanabræður í mörgum málum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

stendur til að koma í veg fyrir skipunina enda þykir víst að Alito muni taka mun íhaldssamari afstöðu í dómum sínum en O'Connor, sem oft snerist á sveif með frjálslyndari hluta Hæstaréttar í umdeildum málum á borð við fóstureyðingar og dauðarefsingar. „Öldungadeildin verður að skera úr um hvort maðurinn sem kemur í stað Miers sé of róttækur fyrir bandarísku þjóðina,“ sagði Harry Reid, leiðtogi demókrata í deildinni.

Jim Jordan, einn af ráðgjöfum demókrata, tók í svipaðan streng og sagði að með útnefningunni ætlaði Bush sér að efna til ófriðar í öldungadeildinni til að beina athyglinni frá öðrum og stærri áhyggjuefnum, svo sem ásökunum á hendur nánnum samstarfsmönnum sínum um að hafa ljóstrað upp um nafn leyniþjónustumanns CIA, mannfalls bandarískra hermanna í Írak og bágs efnahagsástands.

sveing@frettabladid.is

Atvinnumálaráðherra Breta:

Grunaður um óeðileg tengsl

BRETLAND Tony Blair hefur farið fram á við Gus O'Donnell, ráðuneytisstjóra, að kanna hvort David Blunkett, ráðherra atvinnu- og lífeyrismála, hafi brotið siðareglur ráðherra með því að eiga hlut í og stjórna líftæknifyrirtæki sem bauð í ýmis verkefni á vegum hins opinbera.

Þingmenn íhaldsflokksins telja um augljósa hagsmunarekstra að ræða enda þótt Blunkett neiti að hafa veitt fyrirtækinu nokkra fyrirgreiðslu.

Blunkett lét af störfum hjá fyrirtækinu um leið og hann varð ráðherra eftir kosningarnar í vor en málið þykir samt vandræðalegt fyrir ríkisstjórnina. ■



VÆNIR DILKAR Starfsfólk Norðlenska á Húsavík mun næstu vikurnar vinna hörðum höndum við framleiðslu á hangikjöti enda kjötslútoppur framundan þegar aðventan gengur í garð.

FRÉTTABLAÐIÐ/KK

Meiri slátrun hjá Norðlenska:

Sláturtíð lokið

SLÁTURTÍÐ Haustslátrun hjá Norðlenska á Hornafirði lauk síðastliðinn föstudag og á miðvikudaginn í síðustu viku lauk slátrun á Húsavík. Samtals var 118 þúsund fjár slátrað á vegum Norðlenska í sláturtíðinni en í fyrrihaust var slátrað um 114 þúsund fjár. Meðalfallþungi dilka í ár var nákvæmlega sá sami á Húsavík og á Höfn eða 15,12 kg.

Framundan er slátrun á nautum og folöldum hjá Norðlenska á Höfn en vinna við úrvinnslu lambkjöts hjá starfsfólki Norðlenska á Húsavík.

- kk

Harmleikur í Ósló:

Drekkti dóttur sinni í baðkari

NOREGUR Lögreglan í Ósló rannsakar nú dauða fimm ára gamallar stúlku en móðir hennar er grunuð um að hafa reynt að drekkja henni í baðkari heimilisins fyrir rúmri viku. Litla telpan lá milli heims og helju í nokkra daga en lést svo á laugardagskvöldið.

Að sögn vefútgáfu NRK hafði konan dvalið á geðsjúkrahúsi og þar er hún vistuð nú. Lögregla rannsakar meðal annars hvort hún hafi fengið nauðsynlega umönnun frá læknum eftir að hún var útskrifuð af sjúkrahúsinu. ■

Fræðsludeild Þjóðleikhússins kynnr:

RÉTTARHÖLD Í DÓMSALNUM

Í tilefni af sýningu Þjóðleikhússins á Frelsi

Þriðjudagskvöldið 1. nóvember kl. 20:30

Umræðuefni kvöldsins er:

- Hvað er lýðræði?
- Hvar liggja mörkin á milli mótmæla og hryðjuverka?

Frummælendur:

Hjálmar Sveinsson útvarpsmaður
Stefán Eiríksson skrifstofustjóri Dóms- og kirkjumálaráðuneytisins
Ragnar Aðalsteinnsson hæstaréttarlögmaður



Aðgangur að réttarhöldunum er ókeypis og öllum opinn

Ritíð



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

VEÐURSPÁ


um hádegi »

HELDUR HLYN-ANDI VEÐUR

Það er t.t. hlý lægð við suðausturhornið sem snýr norðanvindi yfir landið. Þetta loft á uppruna sinn suður úr höfum og er því heldur mildara en norðanvinn sem var í gær. Þetta gerir það að verkum að úrkoman fyrir norðan gæti fallið sem slydda og rigning orðið suðaustan til. Það er frekar vindasamt með þessu.


HÖFUDBORGIN Í DAG

Norðan strekkjngur. Skýjað en þurt að kalla. Hiti 2-4 stgr að deginum.




Kaupmannahöfn	14°C hálfskýjað	París	22°C rigning
Oslo	11°C alskýjað	Berlín	17°C heiðskirt
Stokkhólmur	15°C léttskýjað	Frankfurt	21°C hálfskýjað
Helsinki	6°C alskýjað	Madrid	17°C hálfskýjað
London	17°C hálfskýjað	Barcelona	21°C hálfskýjað

» á morgun



» miðvikudagur



* Sveði þar sem búast má við talsverri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknúð með dropum. Hítatölur sýna hæstu hitagildi.



ALVÖRU BÓNUS -3 KR.

**Það er ekkert mál að
lækka bensínverðið**

Bensínfrelsi Orkunnar er fyrirframgreitt eldsneytiskort sem þú sækir um á heimasíðu Orkunnar og færð svo sent án endurgjalds. Þegar greitt er með frelsiskorti lækkar eldsneytisverðið um 3 krónur í hvelli. Einfaldast er að millifæra inn á kortið í heimabanka en aðrar leiðir eru að sjálfsögðu færar. Nánari upplýsingar um kortið er að finna á www.orkan.is.



ÞAÐ MUNAR UM MINNA

BENSÍNFRELSI SPARAÐU 3 KR. Í VIÐBÓT



KJÖRKASSI

Ertu búinn(n) að setja vetrardekk undir bílinn?

Já 57%

Nei 43%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Á að byggja eyjarnar á Faxaflóa?

Segðu skoðun þína á Vísí.is

VÍSÍ

Flugvél leyniþjónustu Bandaríkjanna hafði hér sólarhrings viðdvöl:

Fangaflutningar um Keflavík

UTANRÍKISMÁL Flugvél leyniþjónustu Bandaríkjanna, CIA, sem flutti fanga og meinta hryðjuverkamenn þangað sem leyfilegt er að pynta við yfirheyrslur lenti á Keflavíkflugvelli í mars og hafði þar sólarhrings viðdvöl. Flugmálayfirvöld staðfestu þetta við fréttastofu Útvarpsins að því er fram kom í útvarpsfréttum í gær.

„Það er ekkert skrítið að CIA er að pukrast með þessa flutninga,“ segir Steingrímur J. Sigfússon, þingmaður vinstri grænna. „Þar sem fæstar þjóðir kæra sig um slíka flutninga í sinni lofthelgi og hvað þá á sínum flugvöllum.



KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR Flugvél CIA lenti með fanga sem beita má pyntingum við yfirheyrslur. Danir hafa sagt yfirvöldum í Bandaríkjunum að þeir kæri sig ekki um slíkt flug í sinni lofthelgi.

Þetta hefur vakið hörð viðbrögð á hinum Norðurlöndunum og Danir hafa til dæmis komið því á framfæri við Bandaríkjastjórn að þeir kæri sig ekkert um þetta og að

sjálfsgöðu ættum við að gera það líka.“ Íslandsdeild Amnesty International sendi frá sér yfirlýsingu í gærkvöld. Þar er lýst þungum áhyggjum vegna málsins.

Steingrímur spurði utanríkisráðherra á Alþingi í þar síðustu viku út í þessa flutninga. „Ég hef ýmis gögn undir höndum sem gerir það að verkum að ég hef full rök fyrir því að fara fram með þessa fyrirspurn,“ segir Steingrímur sem segist vilja bíða svara utanríkisráðherra áður en hann tjáir sig frekar um málið.

EKKI NÁÐIST Í utanríkisráðherra vegna málsins.

- jse

Breytingar hjá Veðurstofnunni: Nýjar veðurspár birtar strax

VEÐUR Breytingar á útgáfutíma veðurspáa hjá Veðurstofnu Íslands taka gildi í dag. „Breytingar eru gerðar til að laga gerð og miðlun veðurspáa að þeim tímum sem nýjustu tölvureiknaðar veðurspár eru tilbúnar,“ segir á vef stofnunarinnar. Nýjar spár eru birtar strax á vef Veðurstofunnar, www.vedur.is, á textavarp Ríkisútvarpsins og í símsvara Veðurstofunnar (902-0600).

Í veðurfregnatíma á Rás 1 klukkan 16:08 verður einnig veðurlýsing fyrir nokkrar strandstöðvar í kringum landið ásamt stuttri landspá og veðurhorfum næstu daga. „Lestur stuttra veðurspáa á RÚV verður með óbreyttu sniði.“

- Óká

MasterCard MasterCard kynnrir:

OKTÓBERBÍÓFEST

VIÐ ÞÖKKUM FRÁBÆRAR VIÐTÖKUR.



CRÓNICAS

„...bráðsnjöll...einstaklega vel úthugsuð...leikararnir eru sérlega traustir, ekki síst Leguizamo.“ - S.V., Mbl



DRABET

★★★★

„...afar vel gerð mynd: bara leikur Jesper Christiansen einn er þess virði að gera sér för í bíó.“ - P.B.B., DV

„Það er vel skiljanlegt af hverju þessi mynd hlaut kvikmyndaverðlaun Norðurlandaráðs því Drabet verðskuldar öll þau verðlaun sem henni hafa hlotnast.“ - F. G. G.



HIP HOP HORA!

★★★★

„...mynd sem hefur alla burði til að vera nefnd í sömu andrá og Fucking Ámal.“ - S.V., Mbl



KUNG FU HUSTLE

★★★★

Stephen Chow er algjör helvítis snilli...þetta er æðisleg ræma sem allir verða að sjá...“ - Ó.Ó.H., DV

★★★★

„Stundum er hrein ánægja að fara í bíó... töfrarnir sem hinn reyndi kvikmyndaárhugamaður hélt að hann væri vaxinn upp úr gera stöku sinnum vart við sig á ný. Kung Fudansinn er ein af þessum myndum.“ - S.V., Mbl



VOCES INOCENTES

★★★★

„...mikilvægari mynd en flestar aðrar...okkur ætti að bera skylda til að upplifa Voces Inocentes.“ - S.V., Mbl

Dagskráin er fánleg til útprentunar á www.icelandfilmfestival.is. Þar geturðu líka gefið myndunum einkunn og unnið passa á næstu hátíðir.



„Ég vil þakka mömmu og almættinu.“
- JÖKULL II

Í Háskólabíó og Regnboga
26. október - 14. nóvember



ICELANDAIR

ICELANDAIRHOTELS

Talstöðin

www.icelandfilmfestival.is

Sautján þúsund á kjörskrá Sjálfstæðisflokks

Sautján þúsund Reykvíkingar eiga þess kost að taka þátt í prófkjöri Sjálfstæðisflokks, þegar kosið verður um hvernig raðað verður í efstu sæti flokksins fyrir borgarstjórnarkosningarnar. Búist er við spennandi kosningum.

PRÓFKJÖR Um 17.000 Reykvíkingar eru á skrá hjá Sjálfstæðisflokknunum og geta því kosið í prófkjöri á föstudag og laugardag. Á skrifstofu Sjálfstæðisflokksins fengust þær upplýsingar að fjöldi fólks hafi skráð sig í flokkinn á undanförunum dögum og gert er ráð fyrir að nýskráningar nái hámarki prófkjördagana. Hægt er að skrá sig í flokkinn til að taka þátt í prófkjörinu allt fram á síðustu stundu prófkjör.

Harðasta baráttan er um fyrsta sætið, á milli þeirri Vilhjálms P. Vilhjálmssonar og Gísla Marteins Baldurssonar. Aðilar í stuðningsmannaliði beggja segjast hafa skráð marga í flokkinn á undanförunum dögum, en vilja ekki gefa upp nákvæma tölu. Þá er einnig mjög líklegt að einhverjir sem sækjast eftir sætum neðar á listanum hafi skráð fólk í Sjálfstæðisflokkin, þó ekki sé það í eins miklum mæli. Þeir sem einna helst hafa verið duglegir við að smala fólk í flokkinn fyrir ýmis prófkjör að undanförunu eru ungliðar. Þeir eiga nokkra fulltrúa í framboði, bæði núverandi ungliða svo og aðeins eldri frambjóðendur sem enn hafa sterk tengsl við ungliðahreyfinguna.

Nú á síðustu viku fyrir prófkjörið má búast við að kosningabaráttan harðni enn. Bæði Gísli og Vilhjálmur hafa sagst ekki ætla að verða fyrstir til að auglýsa í sjónvarpi. Það má telja í samræmi við áskorun fulltrúaráðs Varðar, þar sem skorað var á frambjóðendur að auglýsa ekki í ljósvakamiðlum, þar sem átt var við sjónvarp og að stilla kostnaði við framboð sitt í hóf.

Slagurinn um fyrsta sætið

er ekki einungis slagur um að verða borgarstjórnarefni, heldur er talið mögulegt að sá þeirra er tapar slagnum um fyrsta sætið, komist ekki ofarlega á lista, nema kosning í annað sætið verði mjög dreifð. Ef allir eða flestir sem kjósa annan frambjóðandann í fyrsta sætið sam-mælast um hvaða fulltrúa skal velja í annað sætið, er mjög líklegt að frambjóðandi sem vildi í fyrsta sætið nái ekki ofar en þriðja eða fjórða sæti, eða lenti jafnvel neðar.

Á föstudag verður hægt að kjósa í prófkjörinu í Valhöll, frá klukkan 12 á hádegi til 21. Á laugardag verður hægt að kjósa á sjö stöðum í átta kjörhverfum frá 10 til 18. Gert er ráð fyrir að tölur verði birtar fljótlega eftir að kjörstaðir loka á laugardag. Niðurstöður gætu borist síðar ef mjög tæpt er á mununum milli frambjóðenda.

Reykvískir félagsmenn í Sjálfstæðisflokknunum geta kosið í sínu íbúahverfi; á Hótel Sögu, 2. hæð, í Valhöll, Hraunbæ 102b í Árbæ, í Mjódd, í Hverafold 1-3 í Grafarvogi, í Gullhömrum í Grafarholti og í Fólkvangi á Kjalarnesi. Kjörstaður miðast við lögheimili félagsmanna 30. október.

Til að atkvæðaseðill sé gildur þarf að kjósa níu frambjóðendur, með því að setja tölustafina 1 til 9 fyrir framan nöfn frambjóðenda. Þannig að talan 1 sé fyrir framan nafn þess frambjóðanda sem óskað er að hljóti fyrsta sætið í prófkjörinu, talan 2 fyrir framan nafn þess sem óskað er að hljóti annað sætið og þannig koll af kalli.

svanborg@frettabladid.is

SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN


1. sæti



Vilhjálmur P. Vilhjálmsson

Gísli Marteinn Baldursson


2. sæti



Hanna Birna Kristjánsdóttir


Július Vífill Ingvarsson

3. sæti




Kjartan Magnússon

4. sæti




Jórunn Frímansdóttir

Þorbjörg Helga Vígfúsdóttir




Örn Sigurðsson

5. sæti




Bolli Thoroddsson

Kristján Guðmundsson



Ragnar Sær Ragnarsson


Steinn Kárasón (5-6)




Birgir Þór Bragason

Guðni Þór Jónsson (5-7)


Sif Sigfúsdóttir (5-7)




Marta Guðjónsdóttir, Loftur Már Sigurðsson



Benedikt Geirsson, Björn Gíslason, Davíð Ólafur Ingimarsson, Eggert Páll Ólason



Gústaf Niélsson



Jóhann Páll Símonarson

FRAMBJÓÐENDUR SJÁLFSTÆÐISFLOKKS
Tuttugu og þrjú sjálfstæðismenn hafa boðið sig fram í eitthvert níu efstu sætanna.

Fundur þingmanna og sveitarstjórnarmanna í Suðvesturkjördæmi:

Staðnað form brotið upp

STJÓRNMÁL Árni Mathiesen, fjármálaráðherra og fyrsti þingmaður Suðvesturkjördæmis, segist ekkert hafa vitað um óánægju sveitarstjórnarmanna með breytt fyrirkomulag á árvissum fundi þingmanna kjördæmisins með þeim í kjördæmaviku. Í gær kom fram að sumir hugðust sniðganga fund með þingmönnum sem haldinn var í Kópavogi.

„Ég er búinn að skipuleggja þessa fundi með þingmönnum og sveitarstjórnarmönnum í fjórtán ár og greinilegt að það hefur tekist afskaplega vel fyrst menn vilja alls ekki að þeir falli niður,“ segir



Á FUNDI Í KÓPAVOGI Árni Mathiesen, ráðherra og fyrsti þingmaður Suðvesturkjördæmis, talar við þingmenn, sveitarstjórnarmenn og vegamálastjóra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Árni og telur óánægjuraddir sem heyrðust meðal sveitarstjórnarmanna því vera sem mesta hrós.

Árni sagði fundinn í gær hafa verið ágætan, en á honum hafi verið farið yfir vegamál, heilbrigðismál og málefni fatlaðra og stefni hann því að svipuðum fundi að ári. Nýbreytin er að fulltrúar ráðuneyta og stofnana sitji fundi með þingmönnum og sveitarstjórnarmönnum. Í framhaldinu bjóst hann við að þingmenn myndu funda með hverri sveitarstjórn fyrir sig og búa þá að gagnlegum umræðum frá því í gær.

- Óká

Hetjur óskast

Á Íslandi eru um 9000 reglulegir blóðgjafar. Við þurfum fleiri til að geta brugðist við alvarlegum slysum, náttúruhamförum eða öðru neyðarástandi. Við skorum á þig að koma og gefa blóð. Taktu með þér vin, vinnufélaga eða ættingja og gerðu heimsókn í Blóðbankann að fastri venju.

Við bjóðum öllum upp á hressingu og þeir sem gefa blóð fyrir 15. nóvember geta átt von á veglegum vinningi - því fleiri vini sem þú tekur með því meiri möguleikar.

Vertu hetja - gefðu blóð!



 **BLÓÐBANKINN**
Sjáumst!

og
 **vodafone**

Heyrumst!



VEISTU SVARIÐ

- 1 Hver er ný meðal þáttastjórnandi í Sunnudagsþættinum?
- 2 Hvað telur varnarmálaráðuneyti Bandaríkjanna að margir Íraker hafi fallið?
- 3 Fyrir hvaða kvikmynd vonar Keira Knightley að hún verði tilnefnd til óskarsverðlauna?

SVÖRIN ERU Á Síðu 34

Kynningarátak Blóðbankans í samvinnu við Og Vodafone:

Hetjur óskast til blóðgjafar

HEILBRIGÐISMÁL Blóðbankinn hefur hrint af stað kynningarátaki í samvinnu við Og Vodafone undir heitinu „Hetjur óskast“. Í dag eru níu til tíu þúsund virkir blóðgjafar á Íslandi. Síðustu áratuginu hefur Ísland verið sjálfu sér nægt um blóðhluta.

Á blaðamannafundi þar sem átakið var kynnt kom meðal annars fram að með hækkingu meðalaldri þjóðarinnar fjölga þeim sem þurfa blóð og blóðhluta vegna sjúkdóma og aðgerða. Á sama tíma fækka hlutfallslega þeim sem geta gefið blóð. Í dag eru engar opinberar fjárveitingar eyrnamerkta til kynningarstarfs á

vegum Blóðbankans. Þvert á móti hafa fjárveitingar til Blóðbankans verið skornar niður á liðnum árum. Það er algerlega óviðunandi þróun að sögn Sveins Guðmundssonar, yfirlæknis hjá Blóðabankanum.

Enn fremur kom fram að núverandi kynningu er ætlað að draga fram þá staðreynd að sérhver blóðgjafi er hetja, hverju sinni sem hann gefur blóð. Hetja sem bjargar mannlífum.

Framlag Og Vodafone til kynningarstarfs hefur skilað mikilvægum árangri á síðustu árum. Það er von Blóðbankans að það verði heilbrigðisfyrirvöldum hvatning til að leggja sitt af mörkum til að tryggja



SVEINN GUÐMUNDSSON Yfirlæknir Blóðbankans kallar eftir stuðningi heilbrigðisyfirvalda til að tryggja öflugt kynningarstarf.

öflugt kynningarstarf um nauðsyn blóðgjafa á Íslandi.

Baptistaprestur frá Waco:

Fékk banvænt raflost í skírn

TEXAS, AP Séra Kyle Lake, prestur í bænum Waco í Texas, beið bana við skírnarathöfn á sunnudag eftir að hafa fengið heiftarlegt raflost.

Séra Lake var prestur í söfnuði baptista en þeir skíra fólk svenfndum niurdýfingarskírnum í þar til gerðum laugum. Presturinn var kominn ofan í laugina þegar hann teygði sig í hljóðnema en illa einangruð rafmagnssnúra varð þess valdandi að hann hlaut raflostið banvæna.

Til allrar hamingju var konan sem átti að skíra ekki komin ofan í laugina og varð því ekki meint af. ■



KARL BRETAPRINS Prinsinn er mikill umhverfisverndarsinni.

Karl Bretaprins:

Uggandi um hlýnun jarðar

LONDON, AP Karl Bretaprins telur að hraði loftslagsbreytinga í heiminum sé ógnvekjandi. Í viðtali við bandarísku sjónvarpsstöðina CBS segir hann að þessar breytingar séu að raska öllu jafnvægi í náttúrunni.

„Ef þú skoðar nýjustu tölur um loftslagsbreytingar og hlýnun jarðar þá eru þær ógnvekjandi, virkilega ógnvekjandi,“ segir Karl, sem mun ferðast um Bandaríkin í þessari viku. Mun hann meðal annars hitta forsetann George W. Bush. ■

Hitaveita Ólafsfjarðar seld:

Á að bjarga báguum fjárhag

SVEITARSTJÓRNARMÁL Meirihluti bæjarstjórnar Ólafsfjarðar hefur samþykkt að selja hitaveitu bæjarins til Norðurorku á Akureyri fyrir 535 milljónir króna. Nokkur andstaða hefur verið meðal bæjarbúa við þessi áform, en rök bæjarstjórn-

ar fyrir sölu eru að fyrir megnið af söluandvirðinu verður hægt að greiða niður skuldir bæjarins.

Ólafsfjörður er meðal skulsettustu bæjarfélaga landsins og fjármagnskostnaður vegna skulda orðinn mikill. ■



VETUR Á ÓLAFSFIÐI Sveitarfélagið er með skulsettustu bæjarfélögum landsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/KK

Ríkið launi nýrnagjöf

Ríkið á að greiða nýrnagjöfum laun meðan þeir eru frá vinnu vegna nýrnagjafar. Þetta segir yfirlæknir nýrnalækninga á Landspítala - háskólasjúkrahúsi.

HEILBRIGÐISMÁL Ríkið á að greiða lifandi nýrnagjöfum full laun meðan þeir eru frá vinnu vegna nýrnabrottnámsins með þeim hætti að greiðslurnar komi úr almannatryggingakerfinu. Þetta segir Runólfur Pálsson, yfirlæknir nýrnalækninga á Landspítala - háskólasjúkrahúsi. Hann segir að skipan þessara mála sé þannig sums staðar erlendis, til dæmis í Danmörku.

Runólfur segir vinnuveitendur hafa verið afar hjálplega við að hlíðra til fyrir starfsmenn sem vilja gefa nýra. „Við erum að tala um lifandi gjafa, fólk sem er í fullu fjöri og er ekki að fara í aðgerð í eigin þágu heldur annars einstaklings. Það er að gefa gríðarlega stóra og mikla gjöf, sem varla er hægt að hugsa sér stærri. Oft er þetta fólk á besta aldri, fyrirvinna sinnar fjölskyldu og ef til vill þannig státt í sínu lífi að það má illa við launamissi. Eftir aðgerð þar sem nýra er numið brott getur tekið allt frá einum mánuði upp í þrjá fyrir viðkomandi gjafa að ná fullri vinnufærni aftur eftir því hvers eðlis starf hans er.“

Runólfur segir vinnuveitand-

anum ekki skylt að greiða viðkomandi full vinnulaun þann tíma sem hann er fjarverandi vegna nýrnagjafar, þar sem það falli ekki undir veikindarétt samkvæmt skilgreiningu.

„Íslendingar eru með eitt hæsta hlutfall sem þekkist af lifandi nýrnagjöfum, samanborið við látna. Meira en sjötíu prósent nýrna sem grædd hafa verið í Íslandi síðustu ár hafa komið frá lifandi gjöfum. Á þessu ári hafa ellefu af fjórtán ígræddum nýrum komið frá lifandi gjöfum.“

Runólfur segir að á undanförunum árum hafi margt verið rætt við yfirvöld heilbrigðis- og tryggingamála um aðkomu almanna-tryggingakerfisins að nýrnagjöfum. Menn hafi skilning á þessu þó það hafi ekki komið til framkvæmda.

„Mitt mat er að miðað við annað sem við gerum í þessu samfélagi hvað snertir heilbrigðisþjónustu og félagslega þjónustu sé full ástæða til þess að launamissir sé greiddur af sjúkratryggingum. Þetta er mikilvægt mál og við munum áfram sækja það fast.“

jss@frettabladid.is



RUNÓLFUR PÁLSSON Segir að nýrnaigræðsla sem meðferð við nýrnabilun á lokastigi sé mun ódýrari í tímans rás en skilunarméðferð, sem er blóðhreinunarméðferð sem beita verður sé ekki hægt að græða nýtt nýra í sjúklinginn.

Sýslumaðurinn í Keflavík fékk ádrepu:

Gallaðri kæru vísað frá dómi

DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjanes hefur vísað frá dómi máli sem Sýslumaðurinn í Keflavík höfðaði á hendur manni fyrir brot á lögum um atvinnuréttindi útlendinga.

Sex verkamenn frá Litháen störfuðu hjá fyrirtæki mannsins án atvinnuleyfa, frá haustdögum 2002 og fram í september 2003. Dómurinn gagnrýndi að óljóst væri á hvaða tíma hver og einn

mannanna hefði unnið við hvað og taldi slíka annmarka á ákærinni að vísa bæri málinu frá dómi.

Auk starfa fyrir fyrirtæki mannsins sem ákærður var höfðu mennirnir unnið að niðurrifi verksmiðju í Hveragerði.

Málið dæmdi Gunnar Aðalsteinsson. Sækjandi var Ásgeir Eiríksson og verjandi Jón Einar Jakobsen.

- óka

★ STJÖRNUFRÉTTIR ★ 2 LÍFSSTÍLL ★ 3 ALVÖRU FÓLK

3 BLÖÐ Í EINU



NÝTT OG BETRA BLAÐ

hér&nú kemur út alla fimmtudaga

HANDHAFAR
VILDARKORTS
VISA OG
ICELANDAIR

GILDIR Í ÖLLUM
ÁÆTLUNARFLUGUM
ICELANDAIR

PUNKTAÐU NIÐUR FERÐALAGIÐ

ERT ÞÚ
AÐ SAFNA
RÉTTUM
PUNKTUM?

Nú geta Vildarkorthafar VISA og Icelandair nýtt **10.000 Vildarpunktana sem 5.500 kr. greiðslu** upp í hvaða flugfargjald sem er með áætlunarflugi Icelandair, fyrir hvern sem er og ferðast hvenær sem er.

Fáðu nánari upplýsingar á www.vildarklubbur.is og punktaðu niður ferðina um 5.500 kr.

Gildir til 15. des. 2005.



ICELANDAIR
Vildarklúbbur



LÍFSINS TRÉ Sólin baðaði furugræðlingana í Gorham í New York-ríki hlýjum geislum sínum í fyrradag. Eflaust verða þeir orðnir stærðarinnar tré áður en langt um líður.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Samið við Mýflug og Landsflug um sjúkraflug:

Um 370 sjúkraflug árlega

HEILBRIGÐISMÁL Samið hefur verið við Mýflug og Landsflug um að annast sjúkraflug á landinu næstu fimm árin, eða frá 1. janúar á næsta ári til ársloka 2010. Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti og Tryggingastofnun tóku tilboðum félaganna í flugi en Ríkiskaup sá um útbóðið. Miðstöð sjúkraflugsins verður áfram á Akureyri.

Mýflug mun sjá um norðursvæðið og Landsflug um Vestmannaeyjasvæðið. Samningstíminn er frá 1. janúar 2006 og út árið 2010. Norðursvæðið var í útbóðinu stækkað og tekur nú til Vestfjarða, Norðurlands og Austfjarða. Gerð



SJÚKRAFLUG Sjúkrafluginu á Vestmannaeyjasvæðinu verður áfram þjónað frá Vestmannaeyjum. Samið verður við Landsflug, sem mun nota flugvél af gerðinni Dornier DO228 til flugsins og verður hún staðsett í Vestmannaeyjum. Þessi Dornievél er einnig frá Landsflugi.

var krafa um sérútbúna vél í sjúkraflugið og í fyrsta skipti mun slík vél sinna verkefni sjúkraflugs á norðursvæði. Mýflug mun í þessu sambandi útvega sjúkraflugvél af gerðinni Beechcraft King Air 200C sem verður staðsett á Akureyri frá vorinu 2006 en notast við aðra vél þangað til.

Kostnaðurinn við sjúkraflugið á árinu sem er að líða verður um 165 milljónir króna. Samningarnir sem nú verða gerðir kosta um 139 milljónir króna og er þá miðað við um 370 sjúkraflug að jafnaði en á liðnu ári voru sjúkraflugin 381, auk sjúkraflugs sem þyrlur Landhelgisgæslunnar sinntu. -js

Höfuðklútar múslimastúlkna:

Annar hver Dani vill bann

DANMÖRK Næstum annar hver Dani telur að banna eigi stúlkum sem eru íslamstrúar að bera höfuðklúta í grunnskólum.

Þetta er niðurstaða könnunar meðal ríflega eitt þúsund Dana. Um 46 prósent aðspurðra voru fylgjandi því að banna höfuðklúta í grunnskólum með lögum en 41 prósent aðspurðra var á móti því að lögleiða bann. Danskir þjóðarflokkurinn er eini stjórnmálaflokkurinn sem vill lögleiða bann og þá að franski fyrirmynd. Flokkurinn flutti frumvarp þess efnis fyrir fjórum árum en það fékk ekki hljómgrunn meðal annarra flokka í Danmörku. ■

NAVISON SMALL BUSINESS



Það þarf ekki að kosta mikið að verða stór

Navision Small Business er viðskiptahugbúnaður sem getur vaxið og þróast með fyrirtæki þínu. Ef fyrirtækið þitt stækkar og stækkar, getur Navision Small Business orðið Navision Big Business! Taktu rétta ákvörðun strax. Veldu Navision Small Business.

Nú á aðeins kr. 115.038

Nú getur þú tryggt þér öruggan og hnökralausan aðgang að fjárhags- og viðskiptaupplýsingum fyrirtækisins í eitt skipti fyrir öll. Það gerir þú með Navision Small Business.

Hafðu samband núna!

Hringdu í síma 550-9000 og fáðu rétta lausnina fyrir þitt fyrirtæki

Landsteinar Strengur er stærsti sölu- og þjónustuaðili Microsoft viðskiptahugbúnaðar á Íslandi. Sérfræðingar okkar aðstoða þig við að ná markmiðum þínum í rekstri þannig að þitt fyrirtæki geti vaxið og dafnað.



Landsteinar Strengur

Ármúla 7 | 108 Reykjavík | www.landsteinarstrengur.is

Microsoft
GOLD CERTIFIED

Partner

MARKAÐURINN

Sögurnar, tölurnar, fólkið.



AUGLÝSINGASÍMI
550 5000



RÁÐHERRA HITIR ÍBÚA Nicolas Sarkozy talar við íbúa í Bobigny, úthverfi Parísar, í gær, en þar fundaði hann með lögreglu og hét því að uppræta ófremdarastandið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Alda óeirða í og við París

Innanríkisráðherra Frakklands segir lögleysunni í „vandræðaúthverfum“ stríð á hendur. Stanslausar óeirðir hafa verið í innflytjendahverfi við París.

FRAKKLAND, AP Nicolas Sarkozy, innanríkisráðherra Frakklands, hét því í gær að stórefla öryggisgæslu í svokölluðum vandræðaúthverfum franskra stórborga. Algert ófremdarastand hefur ríkt undanfarna sólarhringa í íbúðarhverfum utan við París þar sem flestir íbúanna eru af norður-afrískum uppruna.

Á sunnudag særðust sex óeirðalögrelumenn og ellefu manns voru handteknir í Clichy-sur-Bois, norðaustur af París, en það var fjórða kvöldið í röð sem allt logaði þar í óeirðum. Kveikt var í átta bílum og í ruslagámum.

Á fundi með lögreglu- og slökkviliðsmönnum Seine-Saint-Denis-héraðs, sem úthverfin norður af París tilheyrja, sagði Sarkozy að íbúar vandræðahverfanna myndu „fá að njóta þess öryggis sem þeir eiga kröfu til“. Ráðherrann talaði tæpitungulaust um að í sumum þessara hverfa hafi því miður verið látið reka á reidanum í 30 ár, þ.e. óheillaþróun í átt að lögleysu látin viðgangast allt of lengi.

Það sem hrinti óeirðabylgju helgarinnar af stað var dauði tveggja unglinga, 15 og 17 ára gamalla, en þeir fengu raflost er þeir leituðu skjóls í spennustöð jarðlestarstöðvar á fimmtudagskvöld. Þeir voru á flótta undan óeirðalögrelgu.

Það sem af er þessu ári hafa um 9.000 lögreglubifreiðar verið grýttar í frönsku „vandræðaúthverfunum“. Á bilinu 20-40 bílar eru eyðilagðir að meðaltali á hverri nóttu, að því er Sarkozy fullyrkti í viðtali við dagblaðið Le Monde í síðustu viku, tveimur dögum áður en óeirðabylgjan blossaði upp í Clichy-sous-Bois.

Sarkozy sagði í gær að til þess að binda enda á þetta ófremdarastand yrðu nú 17 sveitir óeirðalögrelgu stöðugt á verði í vandræðahverfunum og sjö sérsvaitir að auki. Óeinkenskildar útsendarar lögreglunnar yrðu líka gerðir út af örkinni til að bera kennsl á gengjaforingja og æsingamenn.

audunn@frettabladid.is

Gabríela verðlaunuð

Gabríela Friðriksdóttir er heiðursverðlaunahafi Myndstefs árið 2005 en verðlaunin eru nú afhent í fyrsta sinn. Forseti Íslands afhenti verðlaunin við hátíðlega athöfn í Listasafni Íslands í gær.

Viðurkenninguna hlýtur Gabríela fyrir myndbandsverkið Versations/Tetralógía. Þá hlaut Ragnar Axelsson ljósmyndari styrk fyrir bók sína Andlit norðursins.

Heiðursverðlaun Myndstefs, nema samtals einni milljón króna. ■



GABRÍELA FRÍÐRIKSDÓTTIR Listakonan hlýtur heiðursverðlaun Myndstefs í ár.

SOFÐU VEL UM JÓLIN



Svefn & heilsa



www.svefn.is

Jólagjöf fylgir hverri heilsudýnu



Chiropractic®



Jólatilboð

Signature Queen kr. 119.900.-


Sú besta

samkvæmt stærstu samtökum kiropraktora í heimi

IQ-CARE

HEILSUDÝNUR

Einstök þrýstjöfnun og réttur stuðningur



Jólatilboð Queen stærð kr. 129.900.-

Gerðu samanburð


iq-care.com

Nýr fjölstillanlegur Wallhugger



Jólatilboð Hjónarúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu 2x 90 x 200 cm. kr. 299.900.-

Mest selda stillanlega rúmið Frábær reynsla



Jólatilboð Hjónarúm með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu 2x 90 x 200 cm. kr. 199.900.-

Konfektkassi fylgir hverjum heilsukodda



IQ-CARE HEILSUKODDAR

Vinsælasta jólagjöfin

Large kr. 7.490.-
Medium kr. 6.990.-
Small kr. 5.990.-

Amerískar heilsudýnur

SLEEP & HEALTH



Jólatilboð Royalty Queen kr. 99.900.-

Sleep Series



Jólatilboð Euro 120x200 59.900.-
Queen 153x200 69.900.-



Leður Hægindastólar

Kr. 54.000.-



Svefnsófar

Verð frá kr. 79.900.-



Úrval af húsgögnum



Úrval af teppasettum Damask Sænguversett Hágæða dúnsængur ofl.

Frí heimsending á heilsudýnum á stór-Reykjavíkursvæðinu og Akureyri

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opíð virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 15:00



„ORÐRÉTT“

Já þegiði nú einu sinni

Ingibjörg hefur fengist við tónlistarsköpun frá níu ára aldri. Sagan á bak við plötuna er sniðug, því textasmíðurinn Kristján býr í sama „sólgula“ húsinu í Skerjafirði og Ingibjörg lék sér í þegar hún var barn. Hófu þau samstarf fyrir nokkrum árum sem tókst með eindæmum vel.

Tríóð Flís spilar undir á plötunni en það samanstendur af þeim Davíð Þór Jónssyni, Valdimar Kolbeini Sigurjónssyni og Helga Svavari Helgassyni. 12 Tónar gefa plötuna út.



Í SÓLGULU HÚSI
Tónskáldið Ingibjörg Þorbergs hefur sent frá sér nýja plötu.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Harðhausinn Sylvester Stallone ætlar að gera fjórðu kvikmyndina um stríðshetjuna fyrrverandi John Rambo. Sautján ár eru liðin síðan síðasta Rambo-myndin var gerð. Nýja myndin mun fjalla um Rambo sem hefur lifað kyrrlátu lífi en flækist inn í mál týnds barns. Tökur hefast í Mexíkó og Bandaríkjunum næsta vor. Stutt er



síðan Stallone ákvað að gera sjöttu myndina um Rocky Balboa. Tökur á þeirri mynd hefst einnig á næsta ári.


Söngkonan Madonna segist ekki hafa áhuga á því að leika í fleiri kvikmyndum. Þess í stað vill hún færa sig á bak við myndavélina og



snúa sér að leikstjórn, rétt eins og eiginmaður sinn Guy Ritchie. Madonna hefur oftast nær fengið slaka dóma fyrir frammistöðu sína á hvíta tjaldinu og svo virðist sem hún hafi fengið nóg af þeirri útreið.

Söngvarinn Robbie Williams hefur gert fatasamning við fyrirtækið Gio-Goi. „Robbie

passar alltaf upp á imyndina, meira að segja þegar hann var í Take That,“ sagði talsmaður Robbie. Gio-Goi hefur áður gert samíð við hljómsveitirnar Oasis og Primal Scream.



Prefaldir punktar!

til 6. nóvember

Safnkortshafar sem **kaupa eldsneyti** til 6. nóvember á ESSO stöðvunum fá **prefalda punkta** inn á Safnkortið.

Safnkortshafar sem **kaupa eldsneyti** til 6. nóvember á ESSO stöðvunum fá **prefalda punkta** inn á Safnkortið.

Safnkort
Punktaðu það hjá þér!

Áttu eitthvað gott fyrir línurnar?



15%

L'ORÉAL SCULPT UP

Stinnir og styrkir slappa húð á maga og rassi. Frábært fyrir konur til dæmis eftir barnsburð og þá sem hafa misst mikla þyngd á skömmum tíma.

Lyf & heilsa
Við hlustum!

KNATTSPYRNUMAÐURINN ALLAN BORGVARDT: HEFUR LOKIÐ KEPPNI MEÐ VIKING Í NOREGI Í ÁR.

Fær líklega ekki nýjan samning

Knattspyrnumaðurinn og „Hafniróingurinn“ Allan Borgvardt, besti leikmaður Landsbankadeildarinnar í ár, hefur ekkert heyrð frá forráðamönnum Viking í Noregi og býst þar af leiðandi ekki við því að fá áframhaldandi samning við félagið. Borgvardt samdi við Viking í lok sumars um að spila með þeim út tímabilið í Noregi með von um að fá langtíma-samning við félagið. Tækifæri Borgvardts hafa hins vegar verið af heldur skorum skammti og hefur hann aðeins fengið tækifæri í sjö leikjum, flestum þeirra sem varamaður.

„Hefðu þeir mikinn áhuga á að halda mér væru þeir nú líklega búinir að bjóða mér nýjan samning. Svo ég á ekki von á því að vera áfram hér,“ sagði Borgvardt

við Fréttablaðið í gær, en hann æfir áfram með liðinu þar sem það er ennþá í eldflunni í Evrópukeppni félagsliða. Þar er Borgvardt þó ekki löglegur þar sem hann hefur þegar keppt fyrir hönd FH í Evrópukeppninni í ár. „Auðvít- að hefði ég viljað spila meira en þetta hefur verið góð reynsla og ég sé ekki eftir því að hafa komið hingað,“ segir Borgvardt, sem er með nokkra möguleika í Danmörku sem hann kveðst ekki geta tjáð sig um.

„Ég vonast til að geta komist að hjá liði í Danmörku þannig að eins og stendur er mjög ólíklegt að ég muni snúa aftur til FH næsta sumar. En eftir það er aldrei að vita hvað gerist,“ bætti Borgvardt við.

Spurður um hvort honum líkaði betur vistin í Noregi eða á Íslandi hló sá danski og sagði einstaklega erfitt að bera saman þessi tvö yndislegu lönd. „Það er mun heitara hér í Noregi og betri aðstæður til knattspyrnuíðkunar. En Ísland er frábært land sem hefur gefið mér mikið. Ætli ég verði ekki að segja jafntefli,“ sagði hann og skellt upp úr.

> Komnir með æfingaáætlun


Knattspyrnumennirnir Grétar Sigfínnur Sigurðsson og Víktor Bjarki Arnarsson mættu á leikmannafund hjá Vikingi í síðustu viku og fengu þar æfingaáætlun fram í janúar, rétt eins og allir aðrir leikmenn sem eru samningsbundnir félaginu. Svo virðist sem tveimningarnir hafi gefið upp á bátinn að vera áfram hjá lánliðum sínum frá því í sumar og séu búinir að sætta sig við að snúa aftur á heimaslóðirnar í Fossvoginum.



Heyrst hefur...

... að knattspyrnukonan Laufey Ólafsdóttir ætli ekki að leggja skóna á hilluna heldur spila með Valsstúlkum í Landsbankadeildinni næsta sumar. Fundur milli hennar og forráðamanna Vals er fyrirhugaður í dag þar sem framhaldið verður rætt.

sport
sport@frettabladid.is



ARNI GAUTUR Stóð sig mjög vel í norsku deildinni í ár.

Íslendingarnir í Noregi:

Árni á meðal efstu manna

FÓTBOLTI Markvörðurinn Árni Gautur Arason er í 18. sæti lista Verdens Gang í Noregi yfir bestu leikmenn norsku úrvalsdeildarinnar í knattspyrnu í ár og er langefstur þeirra íslensku leikmanna sem í deildinni spila. Árni Gautur, sem varð meistari með liði sínu Valeranga um helgina, fékk meðaleinkunnina 5,31 en Stefán Gíslason hjá Lyn kemur næstur með 4,84 í meðaleinkunn sem kemur honum í 60. sæti listans.

Kristján Örn Sigurðsson hjá Brann er verst leikmaður deildarinnar að mati blaðamanna VG, en hann skipar 135. og síðasta sæti listans. Þó ber að nefna að skilyrði fyrir því að komast á listann er að leikmaður hafi komið við sögu í yfir 60% leikja síns liðs yfir tímabilið og var Kristján Örn fastamaður hjá Brann alla leiktíðina.

Aðrir íslenskir leikmenn sem komust á listann voru þeir Haraldur Freyr Guðmundsson hjá Aalesund með 4,68 (76. sæti), Jóhannes Harðarson hjá Start með 4,65 (81. sæti) og Ólafur Örn Bjarnason hjá Brann með 4,18 (120. sæti).

- vig

Valur Fannar fær fimm milljónir á ári

Launagreiðslur í íslenskum fótþolta eru að ná nýjum hæðum eftir að Valur bauð Vali Fannari Gíslasyni fimm milljónir króna í árslaun. Pálmi Rafn Pálmason mun fá 4,2 milljónir á ári og Jóhann Þórhallsson á í viðræðum um heildarsamning sem hleypur á yfir sex milljónum króna.

FÓTBOLTI Knattspyrnumaðurinn Valur Fannar Gíslason mun samkvæmt áreiðanlegum heimildum Fréttablaðsins fá fimm milljónir króna í árslaun hjá Val, en viðræður milli hlutadeigandi aðila eru komnar langt á veg og liggur samningur á borðinu nánast klár til undirritunar. Valur Fannar tjáði forráðamönnum Fylkis í síðustu viku að hann væri með tilboð í höndunum frá Val sem hann gæti ekki hafnað, tilboð sem eins og áður segir hljóðar upp á tæpar 420 þúsund krónur í mánaðarlaun.

Valur Fannar er samningslaus eftir að hafa leikið með Fylki síðustu ár og hafði félagið áhuga á að halda honum áfram í sínum röðum. Örn Hafsteinsson, framkvæmdastjóri Fylkis, vildi lítið tjá sig um málið við Fréttablaðið í gær en sagði þó að viðræður milli Fylkis og leikmannsins hefðu nánast engar verið.

Óhætt er að fullyrða að umrædd launakjör séu með þeim hæstu sem sést hafa í íslenskrum knattspyrnu og svo virðist sem Valur sé einstaklega vel stutt fjárhagslega. Eins og fram kom í Fréttablaðinu í síðustu viku eru samningar við Pálma Rafn Pálmason, sem lék með KA á Akureyri síðasta sumar en er nú með lausan samning, nánast í höfn. Samkvæmt sömu heimildum mun sá samningur færa Pálma Rafni 4,2 milljónir króna í árslaun, eða um 350 þúsund krónur á mánuði.




VALUR FANNAR GÍSLASON Verður með 420 þúsund krónur á mánuði hjá Val.

Þá er ennþá ónefndur samherji Pálma Rafns að norðan, fram-



JÓHANN ÞÓRHALLSSON Mun ákveða sig á allra næstu dögum.



PÁLMI RAFN PÁLMASSON Verður með 350 þúsund krónur á mánuði hjá Val.

herjinn Jóhann Þórhallsson, sem hefur átt í viðræðum við nokkur lið af höfuðborgarsvæðinu að

undanförnu en ekki ennþá komist að samkomulagi við neitt þeirra. Rétt eins og hinir tveir er Jóhann samningslaus og þar af leiðandi gríðarlega eftirsóttur, og samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hafnaði hann tilboði frá nýliðum Breiðabliks sem hljóðaði upp á tæpar sex milljónir króna á ári. Hluti af því tilboði fól í sér dagvinnu fyrir Jóhann samhliða fótþoltanum en þó aðeins þriðjungur af fyrrnefndri upphæð að greiðast fyrir þá dagvinnu.

Steini Þorvaldsson, formaður knattspyrnudeildar Breiðabliks, staðfesti að félagið hefði verið í viðræðum við Jóhann en að þeim viðræðum hefði verið slitið þegar í ljós kom að félagið hefði ekki fjárhagslegt bolmagnt til að keppa við önnur áhugasöm félög. Grindavík hefur einnig slitið viðræðum við Jóhann þar sem kröfur hans voru óraunhæfar, að sögn framkvæmdastjórans Ingvars Guðjónssonar.

Jóhann hvorki játaði né neitaði þegar Fréttablaðið spurði hann hvort eitthvað væri til í þeim upphæðum sem nefndar voru hér að framan. „Þetta snýst að mestu leyti um þá atvinnu sem ég fæ samhliða fótþoltanum,“ sagði Jóhann en hann lauk nýlega BA-prófi í sjávarútvegsfræðum. Þá kvaðst hann ennþá vera í viðræðum við nokkur lið og myndi taka ákvörðunum framtið sína á allra næstu dögum.

vignir@frettabladid.is

Fjölmargir leikir í meistardeildinni í kvöld:

Cech verður í marki Chelsea

FÓTBOLTI Jose Mourinho, knattspyrnustjóri Chelsea, segist munu halda fullri tryggð við markvörð sinn Peter Cech í leiknum gegn



JOSE MOURINHO Hefur ekki misst trúna á markmanninum sínum.

Real Betis í meistardeildinni í kvöld, en Cech urðu á slæm mistök í leik Chelsea og Blackburn í ensku úrvalsdeildinni um helgina, líklega þau fyrstu síðan hann gekk í raðir Chelsea.

„Cech spilar gegn Betis. Allir sáu að honum varð á en það skiptir engu máli. Ég hef aldrei tekið markmann úr mínu liði, aðeins vegna mistaka hjá honum,“ segir Mourinho, en einhverjar vangaveltur voru um að Ítalinn Carlo Cudicini yrði tekinn fram yfir Tékkann að þessu sinni.

Chelsea fór illa með Real Betis á Stamford Bridge í meistardeildinni fyrir tveimur vikum og vann 4-0 sigur, en hægri vængmaður Betis, Joaquin, segir að nú muni annað vera uppi á teningnum. „Það verður óþrúvísi að mæta þeim á heimavelli. Þeir eru ekki ósigrandi og við ætlum okkur að velgja þeim undir úggum,“ segir sá spænski.

Í hinum leik G-riðilsins mættir Liverpool liði Anderlecht á Anfield.

„Við vitum að það verður mun auðveldara fyrir okkur að komast áfram ef við vinnum en við fengum að vita það fyrir tveimur vikum að Anderlecht er með frábært lið.

MEISTARAEILDIN

STADAN Í E-RÍÐLI:

AC MILAN	3	1	2	0	5-3	5
FENERBACHE	3	1	1	1	7-6	4
PSV	3	1	1	1	1-3	4
SCHALKE	3	0	2	1	5-6	2

STADAN Í F-RÍÐLI:

LYON	3	3	0	0	6-1	9
REAL MADRID	3	2	0	1	6-5	6
ROSENBERG	3	1	0	2	4-6	3
OLYMPIAKOS	3	0	0	0	3-7	0

STADAN Í G-RÍÐLI:

CHELSEA	3	2	1	0	5-0	7
LIVERPOOL	3	2	1	0	3-1	7
REAL BETIS	3	1	0	2	2-6	3
ANDERLECHT	3	0	0	3	0-3	0

STADAN Í H-RÍÐLI:

INTER	3	2	0	1	2-2	6
ARTMEDIA	3	1	1	1	3-3	4
RANGERS	3	1	1	1	3-3	4
PORTO	3	1	0	2	6-6	2

LEIKIR DAGSINS:

Shalke-Fenerbache, Rosenborg-AC Milan, Olympiacos-Lyon, Liverpool-Anderlecht, Rangers-Inter, Artmedia-Porto, PSV-AC Milan, Chelsea-Real Betis. Tveir síðastnefndu leikir eru í beinni útsendingu á Sýn.

Við munum fara í þennan leik eins og hann sé úrslitaleikur,“ segir Luis Garcia, leikmaður Liverpool, en Rauðu djöflarnir unnu einmitt 1-0 sigur á Anderlecht ytra fyrir tveimur vikum síðan.

- vig

Norski leikmaðurinn sem hálsbrotnaði um helgina:

Fór í þriggja tíma aðgerð

FÓTBOLTI Dagfinn Enerly, fyrirliði norska úrvalsdeildarliðsins Fredrikstad, á hug allrar norsku þjóðarinnar um þessar mundir, en hann er sem stendur lamaður frá hálsi og niður úr eftir hrikalegt samstæð við einn leikmanna Start í viðureign liðanna um helgina. Enerly fór í þriggja tíma aðgerð í gær sem læknar vonast til að muni láta Enerly fá tilfinningu í líkamann á ný en segja að það sé hvergi nærri öruggt.

Samkvæmt fréttum frá opinberri heimasíðu Fredrikstad var því haldið fram að Enerly væri kominn með einhverja tilfinningu í fæturina en það fékkst þó hvergi staðfest af læknum. Hörmuleg meidsli Enerlys hafa skyggt á öll fagnadarlæti Árna Gautar Arasonar og félaga hjá Valeranga, sem urðu um helgina norskir meistara, og hafa stór nöfn innan knattspyrnuhreyfingarinnar í Noregi keppt um að senda E n e r l y batakveðjur. „Allir ættu að vita að hugur okkar er með Enerly. Við krossleggjum fingurna og vonum það besta,“ sagði Age Har-



HÖRMUNG Norskir fjölmiðlar fjalla mikið um liðan Dagfinns Enerly.

eide, þjálfari norska landsliðsins í gær.

Og samúðin kemur einnig erlendis frá - liðan Enerlys var spænska gulldrengrum Raul efst í huga á blaðamannafundi sem haldinn var fyrir leik Rosenborg og Real Madrid í kvöld og sagði hann alla leikmenn spænska liðsins slegna vegna atburðarins. „Við leikmennirnir viljum óska honum alls hins besta og vonum innilega að hann nái sér að fullu,“ sagði Raul, en Enerly er fyrrum leikmaður Rosenborg.

- vig

ÚRSLIT GÆRDAGSINS

Enska úrvallsdeildin:

MAN. CITY-ASTON VILLA 3-1
1-0 Darius Vassell (4.), 2-0 Darius Vassell (26.), 2-1 Liam Ridgewell (65.), 3-1 Andy Cole (83.)

STADAN:

CHELSEA	11	10	1	0	28-6	31
WIGAN	10	7	1	2	11-5	22
MAN. CITY	11	6	2	3	14-9	20
TOTT' HAM	11	5	5	1	13-7	20
BOLTON	11	6	2	3	13-11	20
CHARLTON	10	6	1	3	15-10	19
MAN. UTD	10	5	3	2	15-11	18
ARSENAL	10	5	2	3	13-7	17
WEST HAM	10	4	3	3	14-10	15
NEWCASTLE	11	4	3	4	11-10	15
M' BROUGH	11	4	3	4	15-15	15
B' BURN	11	4	2	5	11-14	14
LIVERPOOL	9	3	4	2	7-8	13
P' MOUTH	11	2	4	5	11-13	10
FULHAM	11	2	3	6	10-15	9
ASTON VILLA	11	2	3	6	10-19	9
WEST BROM	11	2	2	7	9-21	8
EVERTON	10	2	1	7	3-12	7
BIRM' HAM	11	1	3	7	7-16	6
S' LAND	11	1	2	8	10-21	5

MARKAHÆSTIR:

FRANK LAMPARD, CHELSEA	10
RUUD VAN NISTELROOY, MAN. UTD.	8
DARREN BENT, CHARLTON	7
AIYGBENI YAKUBU, MIDDLESBROUGH	6
DIDIER DROGBA, CHELSEA	6

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

NÓVEMBER

29 30 31 1 2 3 4

Priðjudagur

■ SJÓNVARP

07.00 **Olíssport** á Sýn. Þátturinn er endursýndur þrisvar sinnum til 09.00 og svo aftur klukkan 18.05.

18.30 **Meistaradeildin** á Sýn. Fréttabáttur um Meistaradeildina.

19.00 **Meistaradeildin** á Sýn. Guðni Bergs og Heimir Karlsson fara yfir leiki kvöldsins og spá í spilin.

19.30 **Meistaradeildin** á Sýn. Bein útsending frá leik **PSV** og **AC Milan**.

18.30 **Meistaradeildarmörkin** á Sýn. Öll mörkin frá leikjum kvöldsins

20.00 **Þrumuskot** á Enska boltanum.

21.00 **Spurt að leikslokum** á Enska boltanum.

19.30 **Meistaradeildin** á Sýn. Útsending frá leik **Real Betis** og **Chelsea**.

00.50 **Ensku mörkin** á Sýn. Öll mörkin frá ensku 1. deildinni um helgina.

HYUNDAI
hefur gæðin

HYUNDAI
SANTAFE

Stærsti og öflugasti sportjeppinn á markaðnum

Verð frá kr. 2.670.000



FÁÐU BEINT Í VESKID
50.000 KR.
BENSÍNINNEIGN
FRÍ ÁBYRGÐAR-
OG KASKÓTRYGGING*



Með bílinn handa þér

B&L - GRJÓTHÁLSI 1 - 110 REYKJAVÍK - 575 1200 - WWW.BL.IS

OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ KL. 10 TIL 18 OG LAUGARDAGA FRÁ KL. 12 TIL 16.

BÍLASALA AKUREYRAR SÍMI 461 2533 • BÍLÁS AKRANESI SÍMI 431 2622 • SG BÍLAR REYKJANESBÆ SÍMI 421 4444



MEISTARADEILD

EVROPU

Guðni Bergs og Heimir Karls hita upp fyrir alla leikina kl. 19

Í KVÖLD KL. 19:30

PSV - AC Milan

Real Betis - Chelsea Sýn Extra

Á MORGUN KL. 19:30

Lille - Man. Utd.

Juventus - B. München Sýn Extra

SÝN

besta sætið

ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

„You know my girlfriend is dead. She fell off a cliff and died on impact..“

1991
Happy Gilmore úr samnefndri kvikmynd árið
Svar:

dagskrá



VIÐ TÆKIÐ ÞÓRARINN ÞÓRARINSSON VARPAST KASTLJÓSI Á MENNINGARÁSTANDIÐ Í EFSTALEITI.

Ósýnilegi Kastljósmaðurinn

Það var þungt hljóðið í ósýnilega Kastljóssmanninum honum Jónatan Garðarssyni þegar hann kvartaði yfir því í Fréttablaðinu í síðustu viku að vera skilinn út undan í nýju Kastljósi Ríkissjónvarpsins. Jónatan er menningarpafi Sjónvarpsins og þáttur hans rann saman við Kastljós sem Páll Magnússon útvarpsstjóri ákvað á dögunum að setja saman úr lífsleiðu og úrsérgengnu Kastljósinu (með greini), unglingaþættinum Ópinu og Mósaikinni hans Jónatans, og finna þessu öllu stað í átakanlega ljótri sviðsmynd. Niðurstaðan er menningarsnaður magasínþáttur ef marka má Jónatan sem fær ekki mikið að spóka sig í setinu sem komst einhverra hluta vegna í gegnum umhverfismat. Maður var eiginlega búinn að gleyma því að hann

væri til þegar hann dúkkaði upp öskuillur í Fréttablaðinu. Það er þó fullkomlega eðlilegt að Jónatan sé pirraður enda er eitthvað kengbogíð við það að draga úr menningarumfjöllun á árstíma sem flestir fjölmiðlar setja meiri kraft í mála-flokkinn. Það er hellingur að gerast í tónlist, leikhúsi og bókaútgáfu og á meðan dagblöð fjölga prentuðum síðum um menningarmál er Jónatan gerður að hornkerlingu í Efstaleitinu. Jónatan sagðist í Fréttablaðsviðtalinu eðlilega vera að íhuga stöðu sína og útilokaði ekki uppsögn. Hann er samt örugglega að taka þetta einelti of persónulega og það þarf alls ekkert að vera að Páli og hinu Kastljósslíðinu finnst hann leiðinlegur. Það getur vel verið að því finnst bara menningarumfjöllun yfir höfuð

leiðinleg og líkleg til að skemma nýja þáttinn. Sé það tilfellið eru þessar fregnir af hnignandi menningarástandi í Efstaleitinu enn ískýgglegri þar sem það er lögbundin skylda RÚV, umfram aðra fjölmiðla, að deila menningu yfir landann óháð því hvort hún sé skemmtileg eður ei. Hætti RÚV að vera þunglamalegt, uppskrúfað og menningarlegt er síðasta flugufætinu kippt undan réttlætingu tilvistar þess og þá verður að leggja það tafarlaust niður.

JÓNATAN GARÐARSSON
Menning á ekki upp á pallborðið í Sjónvarpinu og Jónatan er lagður í einelti í vinnunni.



▶ 19.35
Dægurmál

KASTLJÓSI




▶ 19.35
Gaman

THE SIMPSONS




▶ 21.00
Rauveruleiki

LAGUNA BEACH



▶ 20.30
Lífsstíll

ALLT Í DRASLI



▶ 19.30
Fótbolti

UEFA CHAMPIONS LEAGUE



6.58 Ísland í bitíð 9.00 Bold and the Beautiful 9.20 Í finu formi 2005 9.35 Oprah Winfrey 10.20 Ísland í bitíð

12.20 Neighbours 12.45 Í finu formi 2005 13.00 Fresh Prince of Bel Air (5:25) 13.25 Night Court (6:13) 13.50 Monk (16:16) 14.45 The Guardian 15.30 Tónlist 16.00 Barnatími Stöðvar 2 17.45 Bold and the Beautiful 18.05 Neighbours

17.05 Leiðarljós 17.50 Táknálsfréttir 18.00 Allt um dýrin (10:25) 18.25 Tommi togvagn (5:26)

18.30 Gló magnaða (23:52) (Kim Possible)
19.00 Fréttir, íþróttir og veður
▶ 19.35 Kastljós
20.40 Veronica Mars (6:22)
21.25 Kárahnjúkar Fjórða heimildarmyndin af níu sem gerðar verða á fjórum árum um framkvæmdir við Kárahnjúkavirkjun. Fylgst er með mannlífni og náttúrunni á virkjunarsvæðinu og vinnu við þessa stærstu framkvæmd Íslands-sögunnar.
22.00 Tíufréttir
22.25 Frances Tuesday (2:2) Bresk spennu-mynd í tveimur hlutum frá 2004. Kæra glæpamanns ljóstrar upp um glæpi hans, tekur sér nýtt nafn og leggur á flotta þegar til stendur að láta hann lausan úr fangelsi.

18.30 Fréttir Stöðvar 2
19.00 Ísland í dag
▶ 19.35 The Simpsons (2:23) (Simpson-fjöl-skyldan 10) Hómer áttar sig á því að hann er að verða miðaldra og ákveður að gerast næsti Thomas Edison.
20.00 Strákarnir
20.30 Amazing Race 7 (9:15) (Kapphlaupið mikla)
21.15 Hustle (4:6) (Svikahrappar) Breskur myndaflokkur um svikahrappa. Bönnuð börnum.
22.05 Over There (1:13) (Á vígaslóð) Glænýr, umtalaðir bandarískir spennu- og dramaþættir. Bannaður börnum.
22.50 Crossing Jordan (11:21) (Réttarlæknirinn) Hörkuspennandi þættir.

23.35 Örninn (2:8) 0.35 Kastljós 1.35 Dagskrárlök

23.30 Deadwood (Str. b. börnum) 0.20 Control Factor (Str. b. börnum) 1.45 The Master of Disguise 3.05 Fréttir og Ísland í dag 4.10 Ísland í bitíð 6.10 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

18.30 Fréttir Stöðvar 2
19.00 Veggfóður Hönnunar og lífstíls þáttur.
20.00 Friends 4 (11:24)
20.30 Idol extra 2005/2006 Idol-prufurnar eru á fullu á Egilsstöðum og Svavar Örn tætir og tryllir bak við tjöldin.
▶ 21.00 Laguna Beach (5:11) Einn ríkasti og fallegasti strandbær veraldar og Sirkus hefur ótakmarkaðan aðgang að 8 moldríkum ungmennum sem búa þar. Líf þeirra er það ólíkt lífi hins venjulega unglings að þú trúir því ekki nema að sjá það með eigin augum.
21.30 My Supersweet (5:6)
22.00 HEX (5:19)
22.45 Kvöldþátturinn Beinskeyttur spjall- og skemmtiþáttur.

23.15 Fashion Television (1:34) 23.45 David Letterman 0.30 Friends 4 (11:24) 0.55 Kvöldþátturinn

19.20 Þak yfir höfuðið
19.30 Sílvia Nótt (e) Frægasta frekjudós landsins snýr aftur í haust.
20.00 Design Rules Hefur þú reynt betrubætur heima hjá þér og komist að því að litasamsetningin sem var svo falleg í blaðinu hentar alls ekki í stofunni þinni?
▶ 20.30 Allt í drasli Að þessu sinni verður tekið til hendinni á landsbyggðinni og áhorfendur mega búast við að sitja agndófa fyrir framan skjáinn – því verra sem ástandið er, því betra! Það má með sanni segja að Allt í drasli sé hreinasta snilld!
21.00 Innlit / útlit
22.00 Judging Amy
22.50 Sex and the City – 1. þáttaröð

23.20 Jay Leno 0.05 Survivor Guatemala (e) 1.00 Cheers (e) 1.25 Þak yfir höfuðið (e) 1.35 Óstöðvandi tónlist

18.30 UEFA Champions League (Meistaradeild Evrópu fréttáþáttur)
19.00 Meistaradeildin með Guðna Bergs (Meistaradeildin – upphitun)
▶ 19.30 UEFA Champions League (UEFA Champions League 05/06) Bein útsending frá fjórðu umferð Meistaradeilda Evrópu fer fram í dag. Meðal liða sem mætast eru Schalke – Fenerbahce, PSV Eindhoven – AC Milan, Rosengborg – Real Madrid, Olympiacos – Lyon, Liverpool – Anderlecht, Real Betis – Anderlecht, Rangers – Inter Milan og Artmedia – Porto.
21.40 Meistaradeildin með Guðna Berg
22.20 UEFA Champions League

0.10 Meistaradeildin með Guðna Berg 0.50 Ensku mörkin 1.20 2005 AVP Pro Beach Volleyball



6.00 Almost a Woman 8.00 Overboard 10.00 You Wish! 12.00 What a Girl Wants 14.00 Almost a Woman 16.00 Overboard 18.00 You Wish! 20.00 What a Girl Wants Skemmtileg gamanmynd fyrir alla fjölskylduna. 22.00 Skipped Parts Dramatísk kvikmynd um mæðgin. 0.00 Rules of Attraction (Str. b. börnum) 2.00 Dinner Rush (Str. b. börnum) 4.00 Skipped Parts (B. börnum)

Dagskrá allan sólarhringinn.

12.00 The E! True Hollywood Story 13.00 E! News 13.30 Fashion Police 14.00 Jackie Collins Presents 15.00 Jackie Collins Presents 16.00 What Hollywood Taught Us About Sex 18.00 Kill Reality 19.00 E! News 19.30 Style Star 20.00 The E! True Hollywood Story 22.00 The Soup UK 22.30 The Anna Nicole Show 23.00 Wild On 0.00 E! News 0.30 Castineau Girls 1.00 The Soup UK 1.30 The Anna Nicole Show

Fréttátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

14.00 Birminham – Everton frá 29.10 16.00 Sunderland – Portsmouth frá 29.10 18.00 Man. City – Aston Villa frá 31.10

20.00 Þrumuskot (e) Farið er yfir leiki liðinnar helgar og öll mörkin sýnd.

21.00 Að leikslokum (e)
22.00 Liverpool – West Ham frá 29.10 Leikur sem fór fram síðast liðinn laugardag.

0.00 Chelsea – Blackburn frá 29.10 2.00 Dagskrárlök

ALLT UM EDDUNA Á VISIR.IS

taktu þátt – kjóstu núna

þú gætir unnið miða fyrir tvo á Edduhátíðina
Íslensku kvikmynda- og sjónvarpsverðlaunin

VIÐ MÆLUM MEÐ...

Over there

Stöð 2 kl. 22.05

Um Íraksstríðið

Over There eru fyrstu leiknu þættirnir um yfirstandandi stríði.

Nú eru að hefjast nýir spennu- og dramapættir, Over there, sem gerast meðal bandarískra hermanna í yfirstandandi stríði í Írak. Framleiðendurnir eru þeir sömu og gerðu NYPD Blue, Murder One og Blind Justice en Chris Gerolmo er höfundur handrits. Over There-þættirnir hafa vakið sérstaka athygli fyrir þær sakir að þetta er í fyrsta sinn sem gerðir eru leiknir sjónvarpsþættir um stríð sem enn stendur yfir. Þættirnir fengu rífandi góða dóma, þykja trúverðugir, vandaðir og vel skrifaðir.



TALSTÖÐIN FM 90,9

6.58 Ísland í bitíð. Samsent með Stöð 2
9.10 Allt og sumt

12.25 Fréttaviðtalið. 13.10 Bílaþátturinn e.
14.10 Hrafnáþing 15.10 Síðdegisþáttur Fréttastöðvarinnar 17.59 Á kassanum. Illugi Jökullsson.

18.30 Fréttir Stöðvar 2 19.00 Ísland í dag 19.30 Allt og sumt e. 21.30 Á kassanum e. 22.00 Fréttir Stöðvar 2 og Ísland í dag e. 22.00 Ísland í bitíð e.

0.20 Hrafnáþing Ingva Hrafnas e.

BYLGIJAN FM 98,9

5.00 Reykjavík Síðdegis. 7.00 Ísland í Bitíð
9.00 Ívar Guðmundsson

12.00 Hádegisfréttir 12.20 Óskalahádeggi Bylgjunnar 13.00 Þjarni Arason 16.00 Reykjavík Síðdegis

18.30 Kvöldfréttir og Ísland í Dag. 19.30 Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

RÁS 1 FM 92,4/93,5

6.05 Árla dags 7.30 Morgunvaktin 9.05 Laufskálinn 9.40 Þjóðbrók 10.13 Sáðmenn söngvanna 11.03 Samfélagið í nærmynd 12.03 Hádegisútlarp 12.20 Fréttir

13.00 Vít og breitt 14.03 Útlarpssagan 14.30 Miðdegistónar 15.03 Fjölmíðlar og fréttamenn 16.13 Hlaupanótan 17.03 Viðsjá 18.00 Kvöldfréttir 18.25 Spegillinn 18.50

Dánarfregni 19.00 Vítinn 19.30 Laufskálinn 20.05 Kvöldtónar 20.30 Bókmenntaárið 1955 21.10 Púsl 21.55 Orð kvöldsins 22.15 Lóðrétt eða lárétt 23.10 Til allra átta

0.10 Útlarpað á samtengdum rásum

ÚTLARP SAGA FM 99,4

8.00 Arnþrúður Karlsdóttir 10.00 Rósa Ingólfsdóttir 11.00 Bláhornið 12.25 Meinhornið 14.00 Kjartan Gunnar Kjartansson

15.00 Hildur Helga 17.00 Gústaf Nielsson 18.00 Meinhornið 19.00 Bláhornið 20.00 Arnþrúður Karlsdóttir 22.00 Rósa Ingólfsdóttir

23.00 Kjartan G. Kjartansson 0.00 Hildur Helga 2.00 Gústaf Nielsson 3.00 Rósa Ingólfsdóttir 4.00 Kjartan G. Kjartansson 5.00 Arnþrúður Karlsdóttir

RÁS 2 FM 90,1/99,9

6.05 Einn og hálfur með Magnúsi R. Einarssyni 7.30 Morgunvaktin 8.30 Einn og hálfur með Gestí Einarí Jónassyni 10.03 Brot úr degi

12.03 Hádegisútlarp 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Poppland 16.10 Dægurmálaútlarp Rásar 2 18.00 Kvöldfréttir 18.24 Auglýsingar 18.25 Spegillinn

19.00 Sjónvarpsfréttir 19.30 Tónlist að hætti hússins 20.00 Ungmennafélagið 21.00 Konsert með Eivör Pálsdóttur & Bill Bourne 22.10 Rokkland

AÐRAR STÖÐVAR

FM 95,7 Effem / Zúber tónlistarstöðin
FM 102,2 Útlarp Latibær / Fjölskyldu útlarp
FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni
FM 96,7 Létt / Tónlist og afþreying
FM 105,5 Útlarp Boðun / Kristilegt efni
FM 89,5 Kiss / Nýja bitíð í bænum
FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni
FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying
FM 104,5 Radíó Reykjavík / Tónlist og afþreying

ERLENDAR STÖÐVAR

- SKY NEWS**
Fréttir alán sólarhringinn.
- CNN INTERNATIONAL**
Fréttir alán sólarhringinn.
- FOX NEWS**
Fréttir alán sólarhringinn.
- EUROSPORT**
12.15 Football: Eurogoals 13.15 All sports: WATTS 13.45 Football: UEFA Champions League 14.45 Football: UEFA Champions League 15.45 Football: UEFA Champions League 16.45 Football: UEFA Champions League 17.45 Football: Football World Cup Season Legends 18.45 Football: Football World Cup Season Journeys 19.00 Boxing 20.00 Boxing: International contest Hollywood 22.00 Sumo: Aki Basho 23.00 News: Eurosports Report 23.15 Rally: World Championship Catalunya Spain 0.15 Rally: World Championship Catalunya Spain
- BBC PRIME**
12.00 Are You Being Served? 12.30 Next of Kin 13.00 Two Thousand Acres of Sky 14.00 Teletubbies Everywhere 14.10 Little Robots 14.20 Andy Pandey 14.25 William's Wish Wellingtons 14.30 Boogie Bees 14.45 Fimbles 15.05 Tikikabla 15.35 Ace Lightning 16.00 The Life Laundry 16.30 Ready Steady Cook 17.15 The Weakest Link 18.00 Doctors 18.30 EastEnders 19.00 Top Gear Xtra 20.00 TI Show Them Who's Boss 20.40 Hunting Chris Ryan 21.30 The League of Gentlemen 22.00 Casualty 22.50 Holly City 0.00 Pacico Domingo - The King of Opera 1.00 Great Romances of the 20th Century 1.30 Great Romances of the 20th Century
- NATIONAL GEOGRAPHIC**
12.00 Seconds From Disaster 13.00 Menaster - Killer Tigers of India 14.00 When Expeditions Go Wrong 15.00 The Super Twisters 16.00 Tsunami 17.00 Seconds From Disaster 18.00 Megacities 19.00 Elephants of Kilimanjaro 20.00 When Expeditions Go Wrong 21.00 Seconds From Disaster 22.00 When Expeditions Go Wrong 23.00 Air Crash Investigation 0.00 Seconds From Disaster 1.00 Air Crash Investigation
- ANIMAL PLANET**
12.00 Meerkat Manor 12.30 Monkey Business 13.00 Big Cat Diary 13.30 Predator's Prey 14.00 Wild South America 15.00 Animal Cops Houston 16.00 Pet Rescue 16.30 Wildlife SOS 17.00 Amazing Animal Videos 17.30 Big Cat Diary 18.00 Meerkat Manor 18.30 Monkey Business 19.00 Dingoes - Outlaws of the Outback 19.30 Predator's Prey 20.00 Nightmares of Nature 20.30 Animal Precinct 21.00 Miami Animal Police 22.00 Meerkat Manor 22.30 Monkey Business 23.00 Menom ER 0.00 Pet Rescue 0.30 Wildlife SOS 1.00 Nightmares of Nature 1.30 Animal Precinct
- DISCOVERY**
12.05 Magnetic Storm 13.00 Rex Hunt Fishing Adventures 13.30 Fishing on the Edge 14.00 Extreme Engineering 15.00 Extreme Machines 16.00 Scrapheap Challenge 17.00 Birth of a Sports Car 18.00 American Chopper 19.00 Myt-hbusters 20.00 Ultimates 21.00 China's Man Made Marvels 22.00 Deadliest Catch 23.00 Myt-hbusters 0.00 Forensic Detectives 1.00 FBI Files
- MTV**
12.00 Erna's 2005 Spotlight 12.30 Just See Mtv 14.00 Erna's 2005 Spotlight 14.30 Wheelie 15.00 Ti 16.00 Erna's 2005 Who Wore What 16.30 Just See Mtv 17.30 Erna's 2005 Spotlight 18.00 The Rock Chart 19.00 Newlyweds 19.30 MY Super Sweet 16 20.00 Power Girls 20.30 The Osbournes 21.00 Top 10 AT Ten - Linkin Park 22.00 Punk'd 22.30 Wonder Showzen 23.00 Alternative Nation
- VH1**
12.00 So 80s 12.30 VH1 Hits 16.00 So 80s 17.00 VH1's Viewers Jukebox 18.00 Smells Like the 90's 19.00 VH1 Classic 19.30 Then & Now 20.00 All Access 21.00 Pop Up Videos 21.30 Beavis & Butt-head 22.00 VH1 Rocks 22.30 Flipside 23.00 Top 5 23.30 Fabulous Life of ... 0.00 VH1 Hits
- CLUB**
11.50 Awesome Interiors 12.20 Inertainment 12.45 Comel Seal Buy! 13.10 Crimes of Fashion 13.35 Arresting Design 14.00 Staying in Style 14.30 The Review 15.00 Girls Behaving Badly 15.25 The Villa 16.10 The Roseanne Show 17.00 Yoga Zone 17.25 The Method 17.50 Hollywood One on One 18.15 The Review 18.40 Girls Behaving Badly 19.55 It's a Girl Thing 19.30 Luffy Ideas 20.00 Arresting Design 20.25 The Villa 21.15 Saturday 22.10 Ex-Rated 22.35 Sex and the Sitties 23.00 Cheaters 0.00 Simply Indian 0.30 City Hospital 1.25 Girls Behaving Badly 1.50 Completely Hammered
- CARTOON NETWORK**
12.00 Cow and Chicken 12.30 Sheep in the Big City 13.00 Dexter's Laboratory 13.30 The Powerpuff Girls 14.00 Pet Alien 14.30 Edd n Eddy 15.00 Teenage Mutant Ninja Turtles 15.30 Battle B-Daman 16.00 Sabrina, The Animated Series 16.30 Atomic Betty 17.00 Foster's Home for Imaginary Friends 17.30 Looney Tunes 18.00 Duck Dodgers in the 24 1/2 Century 18.30 Charlie Brown Specials 19.00 What's New Scooby-Doo? 19.30 Tom and Jerry 20.00 The Flintstones 20.30 Looney Tunes 21.00 Dastardly & Muttley in Their Flying Machines 21.30 Scooby-Doo 22.00 Tom and Jerry 23.00 Dexter's Laboratory 23.30 The Powerpuff Girls 0.00 Johnny Bravo 0.30 Edd n Eddy 1.00 Skipper & Skeeto
- JETIX**
11.50 Braceface 12.20 Jacob two-two 12.50 So Little Time 13.20 Goosebumps 13.50 Black Hole High 14.15 Spider-Man 14.40 Mow!e Mysteries 15.05 Digimon II 15.30 Totally Spies 16.00 W.I.T.C.H. 16.30 Sonic X I
- MGM**
13.15 Far North 14.45 Arena 16.25 Grow Old Along with Me 18.00 Crucible of Horror 19.30 The Silver Strand 21.15 Hadley's Rebellion 22.50 Louis Armstrong - Chicago Style 0.05 Sometimes They Come Back 1.45 Eve of Destruction
- TCM**
20.00 The Wings of Eagles 21.45 The Cross of Lorraine 23.15 The Champ 1.20 Your Cheatin' Heart 3.00 The Sea of Grass
- HALLMARK**
12.00 Fungus the Bogey Man 13.30 By Dawn's Early Light 15.15 Trail To Hope Rose 17.00 W.E.I.R.D. World 18.30 McLeod's Daughters 19.15 Lives of the Saints 21.00 Robin Cook's Acceptable Risk 22.30 Lonesome Dove: The Series 23.15 Hard Time 1.00 Robin Cook's Acceptable Risk
- BBC FOOD**
12.00 Off the Menu 12.30 Deck Dates 13.00 A Cook On the Wild Side 13.30 New Scandinavian Cooking 14.00 Antonio Carluccio's Italian Feast 14.30 Worrall Thompson 15.00 The Naked Chef 15.30 Cupid's Dinner 16.00 Ching's Kitchen 16.30 Masterchef Goes Large 17.00 Floyd's India 17.30 Tamara's Weekends 18.00 Rachel's Favourite Food 18.30 Made to Order 19.00 Neil Perry Rooftop Sessions 19.30 My Favourite Chef 20.00 My Favourite Chef 20.30 Sophie's Weekends 21.00 Della's How to Cook 21.30 Neil Perry Rooftop Sessions 22.00 Wild and Fresh 22.30 Masterchef Goes Large
- DR1**
12.00 En öde i Norge 12.20 Smagsdommene 13.00 Sådan ligger landet 13.30 Lægens bord 14.00 TV Avisen med vejret 14.20 Drømmehuse 14.50 Nyheder på tegnsprog 15.00 Dawson's Creek 15.45 Blokken 16.00 Lucky Luke 16.25 Insektoskop 16.30 Store Nord 17.00 Lille Nord 17.30 TV Avisen med Sport og Vejret 17.55 Dagens Danmark 18.25 TV Avisen 18.30 Hvad er det værd? 19.00 Forsvundet danskere 19.30 Hammerslag 20.00 TV Avisen 20.25 Kontakt 20.50 SportsNyt 21.00 Måske skyldig - Edderjarsynen 22.10 CBS 22.15 Clement Drekte 22.55 Arbejdsliv: Farligt arbejde 23.25 Nu 23.55 Blokken
- SV1**
12.05 Lite som du 13.40 Mirakel 14.55 Anslagsstaven 15.00 Rapport 15.10 Gammal Sverige 16.00 Animalias 16.05 Topi En espa-ol 16.25 Animalias 16.30 Krokodill 17.00 BolBompa 17.01 Sagor från Zoo 17.15 Brum 17.25 Yokel Jakarokof! Totol 17.30 De tre vännerna och Jany 17.55 Lilla Aktuellt - korhyheter 18.00 Otårliga händelser 18.25 Tracks video 18.30 Rapport 19.00 Uppdrag Granskning 20.00 Kommissionen 20.45 24 Nöje 21.00 Debatt 22.00 Rapport 22.10 Kulturhyeterna 22.20 Sveriget 22.50 Först & sist 23.35 Sändning från SV124



Loksins býðst þér áskriftarpakki sem gerir lífið litríkara!



Áskrifendur fá ekki bara DV heldur líka Hér og nú og Sirkus á aðeins 2400 kr. á mánuði

Stútfullur sportpakki á mánudögum, viðtöl, lífsstill, viðskipti, sakamál, skoðanaskipti, léttar fréttir, ögrandi fréttir. Á fimtudögum fylgir Hér og nú DV með glóðvolgar fréttir af fræga fólkinu. Sirkus kemur sterkur inn á föstudögum með allt um menningar- og skemmtanálífið. Helgarblaðið endist þér svo langt fram á sunnudagskvöld!

Með einu símtali í 550 5000 færðu allt þetta – og miklu meira á aðeins 2400 kr. á mánuði!



Auglýsingasími 550 5000



HRÓSIÐ

...fær ítalski tónlistarmaðurinn Leone Tinganelli sem gefur út sína fyrstu sólóplötu í dag. Leone hefur árum saman glatt gesti veitingastaðarins Ítalíu með gítarleik sínum og söng.



DÓTTAKASSINN FLÖSKULÁS

Ekki brjóta flöskuna!

DÓTIÐ?

Lás sem er festur utan á vínflöskur.

SEM ER?

Þetta er líklega hin fullkomna gjöf fyrir vínáhugamanninn. Hvort sem þú ert að fara með flöskuna í mat til vinar þíns eða ætlar að gefa einhverjum góða vínflösku í afmælisgjöf, þá er þetta skemmtileg leið til að búa um hana.

Um er að ræða lás sem er festur utan um flöskuna þannig að úr verður mikil þraut. Við fyrstu sýn finnst mörgum þetta vera auðvelt og leikur einn að komast að flöskunni en það breytist fljótt. Sá sem fær flöskuna

með lásum breytist úr því að vera kokhraustur, yfir í það að vera eitt stórt spurningamerki og loks verður hann mjög pirraður, sérstaklega þegar allir í kringum hann reyna að gefa honum góð ráð.

Þeim sem leysa þrautina á endanum á svo sannarlega eftir að finnast vinsopinn verðskuldaður. Ef ekki þá er alltaf hægt að gefast upp og skoða bara leiðbeiningarnar til að opna lásinn.

GALLAR?

Sá sem fær flöskuna að gjöf getur orðið mjög pirraður við að reyna að losa lásinn og því gæti veislan farið út um þúfur.

KOSTIR?

Þetta er fin gestaþraut. Hægt er að nota lásinn á annars konar flöskur en vínlöskur, enda ekki allir sem drekka áfengi. Hægt er að nota lásinn mörgum sinnum, nema einhver missi stjórn á sér og nái í sög til að ná honum af.

VERÐ?

Lásinn kostar tæpa 2200 krónur fyrir utan sendingarkostnað. Fæst hann á síðunni iwantoneofthese.com.



1	2	3	4	5
6			7	
8			9	
		10		
	11		12	13
14				15
16			17	
18				

LÁRÉTT 2 goggs 6 í röð 8 trjátegund 9 svif 11 hef leyfi 12 vegna 14 veisla 16 í röð 17 farvegur 18 fæða 20 nafnroð 21 útungun.

LÓÐRÉTT 1 atlaða 3 tveir eins 4 tala 5 skjön 7 undirstaða 10 keyra 13 dýralhjód 15 innsög 16 hald 19 samtök.

LAUSN

LÁRÉTT: 2 nefn, 6 rs, 8 eik, 9 áta, 11 má, 12 sökum, 14 partí, 16 tú, 17 rás, 18 ala, 20 no, 21 klak.
LÓÐRÉTT: 1 áras, 3 ee, 4 fimmtán, 5 ská, 7 stöðpul, 10 aka, 15 um, 15 sög, 16 tak, 19 aa.

[VEISTU SVARID]

Svör við spurningum á bls. 8

1. Halla Gunnarsdóttir
2. Tuttugu og sex þúsund
3. Pride and Prejudice

allt ferðir
Alla miðvikudaga og laugardaga

ERLENDIR BLAÐAMENN: FÁ SÉR HÚÐFLÚR HJÁ FJÖLNI.

Með blaðamann á upphandleggnum

Blaðið The Reykjavík Grapevine stóð fyrir mikilli Airwaves-útgáfu á dögnum og fékk til liðs við sig merka penna frá virtum bandarískum tímaritum. Þeir skemmtu sér mjög vel á tónlistarhátíðinni og voru hrifnir af landi og þjóð.

Blaðamaðurinn Christian Hoard, frá Rolling Stone, veðjaði við ritstjóra Details, Genevieve Roth, á meðan dvöl þeirra stóð um að hún gæti ekki torgað átta íslenskum pylsum með öllu.

„Roth, sem er tæp fimmtíu kíló á þyngd og var að æfa fyrir New York maraþonið, tók veðmálinu og skoraði á Hoard að fá sér orðið „BLAÐAMAÐUR“ húðflúrað á handlegginn á sér ef hún gæti klárað pylsurnar,“ útskýrir ritstjóri Grapevine, Bart Cameron.

Roth var einmitt að skrifa grein nýverið um nýja bylgju húðflúra í New York sem hún kallar „clever tattoos“ eða snjöll tattú og íslenska orðið blaðamaður þótti greinilega yfirmáta snjallt. Smá vaxni ritstjórinn kláraði pylsurnar átta og þrátt fyrir að hafa unnið veðmálið skellti hún sér líka á blaðamannshúðflúrið. Ekki færri en fjórir erlendir blaðamenn



BLAÐAMAÐUR BRENDUR Í HÚÐINA Húðflúr sem innihalda einstaka orð eru það heitasta í tattúískunni í New York þessa dagana. Erlendir blaðamenn sem hingað komu vegna Airwaves-tónlistarhátíðarinnar gerðu með sér veðmál í pulsuáti og þurftu að gjalda fyrir tapið með íslenska orðinu „blaðamaður“. Hér má sjá Fjölni Bragason tattóvera Christian Hoard, blaðamann Rolling Stone-tímaritsins.

LIÓSMYND/GRAPEVINE

flykkust á eftir þeim skötu hjúum í Fjölnis tattú á Laugavegi 54 og fengu sér öll orðið „blaðamaður“ á handlegginn, þar á meðal blaðamenn Esquire og NME. „Svo fengu þeir Grapevine-menn sér tattúíð líka,“ segir Bart Cameron glaðbeittur.

Að sögn Fjölnis á húðflúrstofunni Studio 54 hefur þetta verið mjög vinsælt í Bandaríkjunum. „Þetta byrjaði á götunni og í gengjunum og varð svo tiskufyrirbæri. Þessi bylgja er að ná vissri fótfestu hér og margir sem láta tattúvera nöfn á sig. Það er allt frá nöfnum á foreldrum og

systkinum upp í ljóð og alls kyns frasa á erlendum málum.“

Hvert er furðulegasta orðið sem Fjölnir hefur húðflúrað á fólk? Hann skellir upp úr. „Það er án efa orðið blaðamaður.“

Sá enginn eftir þessu uppátæki þegar Airwaves var fyrstaðið? „Nei, alls ekki,“ segir Bart Cameron. „Fólki í New York finnst mjög kúl að vera með íslenskt orð á handleggnum sem enginn skilur nema örfáir innviðir. Auk þess er þetta fínasti minjagripur um dvölinna á Íslandi.“

annabjornsson@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Hiphop-danstrúðurinn **Tommy the Clown** er í brennidepli heimildarmyndarinnar Rize sem sýnd er á Októberbiófest þessa dagana. Tommy er upphafsmaður krumpdansins sem



hefur farið eins og eldur í sínu um Los Angeles og er farið að teygja anga sína út um allan heim. Dansinn er hraður og með honum hefur ungt fólk fengið útrás á götum Los Angeles í stað þess að berast á banaspjót í gengjastriðum. Tommy var viðstaddur frumsýningu Rize í Háskólabíói á laugardag og svaraði spurningum áhorfenda að sýningu lokinni. Hann var með dansara með sér og stemningin í salnum var slík að áhorfendur hópuðust upp á sviðið og tóku þátt í allsherjar krumpdansbardaga. Annars var Tommy hinn rólegasti á meðan á Íslandsheimsókninni stóð og eyddi mestum tíma sínum á hótelinu sínu þar sem hann horfði á spennuþættina 24 á DVD en hann er nýbúinn að uppgötva þessa háspennuþætti með **Kiefer Sutherland** í aðalhlutverki.

Evrópusambandsinn einarði, stjórnsmálafræðingurinn og háskólakennarinn **Eiríkur Bergmann Einarsson** hefur sent frá sér sína fyrstu skáldsögu. Eiríkur hefur tekið virkan þátt í starfi Samfylkingarinnar og nýtt sér þá reynslu væntanlega í bókinni, Glapræði, sem er á bókarkápu sögð draga upp skoplega „mynd af baksviði íslenskra stjórnsmála og tilvistarkreppu nútímamannsins sem í ráðleysi ráfar um borgarfrumskógin án þess að vita hvers hann leitir“. Aðalpersóna bókanna, **Þórður Kjartansson**, er traustur embættismaður í þjónustu ríkisins sem kastar öllu frá sér og heldur á vit ævin-týranna þar sem hann tekst á við spilla stjórnsmálamenn, barkonur, æsifréttablaðamenn og strætisróna.



Uppselt á Sálina í Kaupmannahöfn

Það er uppselt er á útgáfutónleika Sálarinnar hans Jóns míns sem verða haldnir á skemmtistaðnum Vega í Kaupmannahöfn næstkomandi laugardag.

Alls voru 1200 miðar í boði og seldust þeir allir upp á skömmum tíma. Ícelandair bauð upp á pakkaferðir á tónleikana og virðast þær hafa notið mikilla vinsælda, auk þess sem Íslendingar búsettir í Danmörku hafa verið snöggir til. „Þetta gekk vonum fram og er bara alveg meiriháttar,“ segir Stefán Hilmarsson, söngvari Sálarinnar. Bætur hann því við að stemningin á meðal Íslendinga í Danmörku og víðar á meginlandinu sé gríðarmikil fyrir tónleikunum.

Fjórtaán ár eru liðin síðan Sálin spilaði síðast í Kaupmannahöfn. Þá kom sveitin fram undir nafninu Beaten Bishops og flutti nokkur laga sinna á ensku.

Sálin er þessa dagana að fylgja eftir nýjustu plötu sinni, Undir þínunum



SÁLIN Sálin hans Jóns míns heldur útgáfutónleika í Danmörku á laugardaginn.

áhrifum, sem hefur hlotið fínar viðtökur bæði almennings og gagnrýnenda. Sérstakir gestaspilarar með

Sálinni á tónleikunum verða Samúel Samúelsson og Kjartan Hákonarson, lúðrabláslárar úr Jagúar.

DV

Ástþór með lottó Vinningsnúmer byggja á andlatsfréttum

Þeirir þegar aðrir þegja!

HÁGÆÐA WHIRLPOOL ÞVOTTAVÉLAR



- Whirlpool AWM5140**
- 1400 snúninga og 5kg ÞVOTTAVÉL
 - Íslenskt stjórnborð - íslenskur leiðarvísir
 - Rafeinda/mechanískur kerfisveljari
 - Hitastillir 30-95°
 - Hámarksvinda 1400 snúningar
 - Tekur 5kg af þurrum þvotti
 - Ullarvagga
 - Silkipvottakerfi
 - Hraðkerfi 30 mín.
 - Þvotthæfni A
 - Orkunýting A
 - Vinduhæfni B

TILBOÐ

kr. 39.995

Fullt verð kr. 59.995



- Whirlpool AWO9765**
- 1400 snúninga og 6kg ÞVOTTAVÉL með stafrænu kerfisvali
 - Tekur 6kg í þvott
 - Íslenskt stjórnborð - íslenskur leiðarvísir
 - 6th Sense - skynjar óhreinindi í vatni sem flýtir þvottatíma
 - Rafeindastýrður kerfisveljari og hitastillir
 - Hámarksvinda 1400 snúningar
 - Stafræn niðurtalning á þvottatíma
 - Ullarkerfi - ullarvagga
 - Handþvottakerfi
 - Hraðkerfi 30 mín.
 - Þvotthæfni A
 - Orkunýting A+
 - Vinduhæfni B

1400 snúninga

TILBOÐ

kr. 59.995

Fullt verð kr. 79.995



Sensing the Difference



Heimilistæki

www.ht.is

MEÐ ÍSLENSKU STJÓRNBORÐI
OG ÍSLENSKUM LEIÐARVÍSI

SÆTÚNI 8 REYKJAVÍK • SÍMI 569-1500 | UMBOÐSMENN
EYRARVEGI 21 SELFOSSI • SÍMI 480-3700 | UM LAND ALLT



BAKÞANKAR

KRISTÍNAR HELGU
GUNNARSDÓTTUR

Hugarfar

Kínverjar eru að kafna í skít. Sjötíu prósent fljóta og vatna eru menguð og mörg svo eitruð að ekki er óhætt að nýta til drykkjar. Hátt í hálf milljón Kínverja deyr ár hvert úr lungna- og hjartasjúkdómum sem rekja má til mengunar. Bílum hefur fjölgað um helming á götum Pekingborgar á fimm árum - í tvær og hálf milljón bíla. Það er hagvöxtur sem veldur, en vöxturinn sá mælist líðlega níu prósent og iðnframleiðsla og útflutningur vex ört. Aðeins Bandaríkjamenn losa meira en Kínverjar af koldíoxíði og öðrum gróðurhúsalofttegundum út í andrúmsloftið. Stjórnvöld vestanhafs sýna þessum málum þó lítinn áhuga. Á meðan magnast grimmviðrin.

Á LANDINU bláa búa miklir náttúruunnendur sem njóta úti-vistar allt árið um kring. Ætla mætti að þessi náttúrubörn á ævintýraeyjunni gætu verið leiðandi í stefnumótun nýrra kynslóða - að minnsta kosti lagt sitt af mörkum og gengið á undan með góðu fordæmi. Hagvöxturinn hefur þó bein áhrif á hugarfar og það má lesa í bílaeign Frónverja. Þeir velja sér ekki sparneytna og minna mengandi fararskjóta - þvert á móti eru þeir dottnir í bensínþeypani torfærutröll í yfirstærðum. Ferlíkin eru sérlega framleidd fyrir Bandaríkjamarkað og skerið gleypir líka við í gegndarlausri gengisgleði. Minni og sparneytnari torfærutæki fara á Evrópumarkað.

LANDSMAÐURINN er enn á því að farartæki sé stöðutákn. Með þessu áframhaldi verða nýrrikir innan tíðar farnir að aka um á enn stærri þungavinnuvélum til að sýna veldi sitt. Þeir sem vilja bruna um með stórt undir sér fjárfesta ef til vill í stærstu gerð vörubíla og tveggja hæða rútbílum fyrir vísitölufjölskylduna. Einhver sagði eitt sinn að bíll væri ekki bara farartæki, Hann væri framlenging á persónuleikanum og sumir þyrftu meiri framlengingu en aðrir.

Á KLAKANUM eru þrjár bílar á hverja fjóra Íslendinga og á höfuðborgarsvæðinu eru ríflega 138 þúsund bílar. Þó ferðast flestir um þrjá kílómetra daglega - vegalengd sem sómasamlegar almenningsamgöngur ættu að geta yfirtekið að stórum hluta ef þær væru fyrir hendi. Staðreyndin í þeim efnum er hins vegar sú að eldri borgarar villast dagana langa um höfuðborgarsvæðið í strætisvögnum sem koma og fara frá undarlegustu stöðum á torræðum tímum.

Colt snýr aftur



Verð frá **1.485.000 kr.**

MASC stöðugleikastýring • ABS hemlælæsivörn • EBD hemlajöfnunarkerfi
MATC spyrnstýring • Aksturstölva • Hiti í framsætum

Gullna stýrið og bíll ársins í Danmörku



Mitsubishi Colt snýr aftur eftir langa bið og óhætt að segja að hún hefur verið þess virði.

Bíllinn hefur sópað að sér verðlaunum, enda kostirnir augljósir: glæsileg hönnun, mikið innra rými með mikla möguleika, nýjar öflugar 94 og 109 hestafla vélar, 6 hraða „Allshift“ sjálfskipting og margt fleira. Colt er óvenju vel búinn miðað við aðra bíla í sama stærðarlokki.

Komdu og prófaðu hann.



Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 • HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 • HEKLA, Ísafirdi, sími 456 4666 • HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
HEKLA, Reyðarfirdi, sími 470 5100 • HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 • HEKLA, Selfossi, sími 482 1416 • www.hekla.is, hekla@hekla.is



Hagstæðasta bílalanið

Lægri vextir og ekkert lántökugjald

Frjálsi fjárfestingarbankinn | Lág múla 6 | sími 540 5000 | www.frjalsi.is

